

Þorsteinn Jónsson
á Úlfsstöðum

DRAUMAR OG SVEFÐ

Sjálfstæðar athuganir



.. sýgur kraftsins veigar
innar, innar....

Til heimspoklög
Dr. Helga Pjeturs
24. nóv. 1991

Þorsteinn Guðjónsson
Skingsbotur Þorsteinsd.

DRAUMAR OG SVEFN

PORSTEINN JÓNSSON
á Úlfsstöðum

DRAUMAR OG SVEFN

SJÁLFSTÆÐAR ATHUGANIR

Gefið út á kostnað höfundar
Reykjavík 1975

Setning og prentun:
Formprent sf.

Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má

Eftir Helga Pjeturss

Það hafði verið óvenjulega fagur ágústdagur. Ég hvíldi í tjaldi mínu á bakka hins stærsta vatnsfalls á Íslandi og svaf. Og í draumi var ég staddur á stræti stórborgar einhverrar. Aðeins lauslega veitti ég eftirtekt ókunnuglegum andlitum fólks, sem ég mætti. Bráðlega varð mér ljóst, að ég var staddur úti á landi í nágrenni borgar. Og nú hóf ég mig á loft og sveif áfram. Kom mér það fyrir sem eitthvað venjulegt og algjörlega eðlilegt að hreyfa mig þannig úr stað. Og vitund mín færðist út eins og í draumum gerist. Það var dásamlegt kvöld undir stjörnuhlituðum himni. Athygli mín varð algjörlega bundin hinni stirndu hvelfingu. Snöggvast varð mér þó alveg ljóst, að sjálfur var ég ekki svífandi í lausu lofti að athuga stjórnur, heldur aðeins liggjandi í tjaldi mínu og í fastasvefni. En aftur bráðlega þóttist ég svífa ofar jörðu í hinni undursamlega rósömu gleði og með hinn mikla áhuga við að athuga himininn. Ókunnur himinn var þetta. Það voru ekki hinar venjulegu stjórnur og stjörnumyndir, sem þar glitruðu. Og æ bættist þarna eitt og annað við, sem ég á mínum venjulega himni aldrei hafði séð, stjörnuþyrpingar hjúpaðar dauflýsandi skýjaslæðum, sem hlutu að tilheyra hinu fjarlæga geimrúmi, en ekki gufuhvolfi jarðar. Óvænt ljósfyrirbæri, slíkt sem aldrei verður séð á himni jarðar vorrar, kom þarna fram á eina hlið. Voldugur, rauðgulur ljósbogi hófst út við sjóndeildarhringinn beint í loft upp, og var ljósmagn hans mjög

margfalt á við ljósmagn norðurljósa. Í heild sinni reis ljósbogi þessi kyrrlátlega til himins, bylgjaðist ekki til og frá, eins og norðurljós gera. Þó hófust lítilllega út frá yfirborði hans lágur, gulrauðar logakeilur. Undursamleg var þessi skynjun, nærri því eins ljós og greinileg og skynjun vökuvitundar. Og þá varð hér endi á. Ég vaknaði.

Fyrir þann, sem árum saman hefur rannsakað eðli draumlífsins, er í aðalatriðum auðvelt að gera sér grein fyrir reynslu eins og þessari. Íbúi einhverrar mjög fjarlægrrar jarðstjörnu hefir þarna fært sér í nyt óvenjulega hagstæða aðstöðu til að koma mér í samband við sig og hjálpa mér þannig áleiðis í skilningsviðleitni minni, og var þetta hliðstætt því fræga dæmi, þegar efnafræðingurinn Kekulé, fékk samskonar hjálp til að uppgötva þýðingarmikla efnafræðiregl. Eftir að mig hafði dreymt þennan draum, fór ég að sjá fram á, að draumlífið stafar aðallega af áhrifum draumgjafa þannig, að vitund dreymandans víkur fyrir hans. Og draumurinn, sem nú var sagður, greiddi fyrir því, að ég skildi þetta til fulls.

Hin þýðingarmesta útsýn er það, sem veitist fyrir þennan þekkingarauka, því að hér er fundinn lykkillinn að undirrót trúarbragða, leynifræði og hinna ýmsu fyrirburða. Ljóst verður nú, að það sem menn höfðu haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, var einungis lífið á öðrum stjörnum.

Undursamlegir eru möguleikar sjálfs draumlífsins. Þannig má verja svefnstundunum til að njóta útsýnis um alla heima. Og ekki einungis með augum draumgjafa síns má veitast það að kanna og skoða aðrar jarðstjörnur, heldur einnig í eigin líkama. Hvort tveggja má

verða, að draumgjafinn líkamnist hér og að hinn sofandi maður líkamnist á jörð draumgjafa síns. Fyrir kraftaukningu í lífheimi vorrar jarðar, bætt líferni og hugarfar, gætu hér komið fram dýrðlegir gestir og dvalið um stundarsakir. Og ein afleiðing þessara gagngerðu breytingar mundi verða nýtt líf á jörðu vorri, líf, sem taka mundi langt fram öllu því, sem hér hefir bezt verið og ofurmannlegast.

Úr „Zeitschrift für Parapsychologie“ 1934. P.J. þýddi.

Draumar og svefn

I.

Þótt undarlegt megji kalla, þá hefir draumfræðingum, að einungis einum undanskildum, ekki auðnast að gera sér alveg rétta grein fyrir því, hvernig draumar í rauninni eru, og þá auðvitað ekki heldur, hver undirrot þeirra er.

En hvernig eru þá draumar?

Svo sem eðlilegt er, þá hefir mönnum þótt sem annað gæti naumast komið til greina en það, að draumar sofandi manna hljóti að vera hugsköpun þeirra. Að vísu hafa hugmyndir manna í þessum efnum verið margar og sundurleitar. En þegar leitast var við að skilja og hugska skynsamlega, þá þótti þetta liggja beinast og eðlilegast við. Og þessi „skynsamlega“ hugsun varðandi draumana og eðli þeirra hefir nú einmitt orðið til þess, að jafnvel hinir vísindalega sinnuðustu draumfræðingar komust ekki nema að nokkru leyti að hinu sanna um

það, hvernig draumar eru. Hin skynsamlega fyrirframniðurstaða þeirra hafði ævinlega um of áhrif á það, hverju þeir einkum veittu athygli varðandi drauma sína, og þó enn meir á hinn veginn, hverju þeir ekki veittu þar athygli eða gerðu sér ljóst. En þar var þetta fyrst sem spekingurinn Schopenhauer veitti víst einna fyrstur manna athygli, að það að dreyma hlut er eins og að sjá hlutinn en ekki eins og að hugsa um hann, og var það í framhaldi af því, að annar maður, þessi eini undanskildi, gerði sér þetta þó enn betur ljóst. Draumur er, samkvæmt athugunum hans og niðurstöðu, skynjanir og líf miklu fremur en hugsanir um hluti og atburði, og er það einnig samkvæmt reynslu þess, sem hér talar. Og það sem hér liggur fyrir, eftir að hafa gert sér þetta ljóst, er að spyrja sig að, hvernig það megi vera, að þetta, sem draumarnir eru, þessar sýnir og þessir atburðir, sem hinn sofandi maður þykist taka þátt í, og stundum geta verið ógleymanlegir, hafi getað orðið til af einum saman hugrenningum dreymandans, niðurbældum hvötum og öðru slíku, eins og haldið hefir verið fram. En til þess að geta svarað þessu sýnist mér reyndar, að nauðsynlegt muni vera að svara þessari spurningu: Getur vakandi maður nokkru sinni látið sig sjá einar saman hugrenningar sínar eins og þegar hann horfir á hluti eða staði? Ég sé enga leið til að svara þessari spurningu öðruvísi en neitandi. Hversu mjög sem ég reyni að kalla fram í huga minn eitt og annað séð eða óséð, þá getur það aldrei orðið eins og að horfa á það í raun. Og hvers vegna skyldi sofandi maður geta slíkt fremur en vakandi? Ég held að óhætt sé að fullyrða, að fram á það hafi aldrei verið sýnt. Aftur á móti eru líkurnar mjög á hinn veginn. Það er miklu líklegra, að

sofandi maður geti slíkt síður en vakandi, og er það af þeirri einföldu ástæðu, að vitund sofandi manns er stórum mun óvirkari en vitund vakandi manns.

En sagan var hér ekki öll sögð um það, hvernig draumar raunverulega eru. Það er ekki einungis, að þeir séu sýnir og atburðir og þátttaka í lífi og atburðum. Það sem fyrir mann ber í svefninum, er jafnan og í rauninni ævinlega ókunnugt dreymandanum úr vöku.

Nú geri ég ráð fyrir, að flestir telji sig ekki geta verið mér sammála. Flestir munu vilja segja, að langoftast dreymi þá, að þeir séu staddir heima hjá sér meðal einhverra kunningja eða þá á einhverjum öðrum stöðum kunnugum sér úr vöku. Og þetta er nú að vísu alveg rétt. Mönnum finnst oftast, að svo hafi verið. En í rauninni er þetta nálega aldrei annað en að finnast eða þykjast, og var það meginyfirsjón draumfræðinga að gera sér það ekki ljóst. Gæti maður nógu vel að því, sem fyrir hann ber í svefninum, gæti hann að því, sem honum þótti vera heima hjá sér eða á einhverjum öðrum stað sér kunnugum, þá mun hann brátt geta komist að raun um, að á þessum draumséðu heimastöðvum var eitt og annað frábrugðið því, sem þar raunverulega er. Og þetta er nú sú staðreynd, sem er í algjöru ósamræmi við það, að undirrót draumanna geti eingöngu verið hugsköpun sjálfs dreymandans, því að væri hún það, væru draumsýnirnar eingöngu tilorðnar af hugsunum dreymandans um þá hluti og staði, sem hann þykist sjá í svefninum, þá ættu þeir hlutir og staðir ekki að líta út öðruvísi en þeir raunverulega eru og þá einnig í minni dreymandans. Eða hver vill halda því fram, að hinn sofandi maður skapi sér minningamyndir í ósamræmi við minningar sínar?

En sagan um það, hvernig draumar manna eru, var hér enn ekki öll sögð. Það er ekki einungis, að í svefni beri fyrir sýnir á sama hátt og á sér stað hjá vakandi manni, það er ekki einungis, að draumsýnir manna séu ókunnar þeim úr vöku, eða a. m. k. ósamkvæmar því, sem þeir ætluðu þær hafa verið, heldur geta þær einnig stundum verið þannig, að slíkar sýnir gæti enginn séð á þessari jörð. Má þar til nefna, þegar maður þykist, eins og oft kemur fyrir, hafa séð sól, tungl eða stjörnur með óvanalegum hætti, og skal nú loks víkja að þeim skilningi, sem mér virðist að einn geti hér staðist eða verið samkvæmur framangreindum staðreyndum.

II.

Eins og þegar hefir verið sagt, þá var það mjög eðlilegt, að mönnum skyldi verða það fyrst fyrir að leita í huga sofandans, þegar reynt var að finna orsakir drauma hans. Það er ekki um að villast, að hinn sofandi maður gerir hvorki að sjá með eigin augum né taka neinn þátt í raunverulegum atburðum, og hlaut það því að sýnast langlíklegast, að allt þetta sem í draumum gerist, hljóti því að vera hugarburður dreymandans. Fljótt á litið sýndist annað naumast geta komið til greina. En eins og þegar hefir hér verið sýnt fram á, þá getur þetta samt ekki staðist. Kemur þar fyrst til greina, hve það er í rauninni óhugsanlegt eða a. m. k. ólíklegt, að hinn sofandi maður geti af einum saman eigin rammleik búið sér til slíkt, sem stundum ber fyrir í draumi. Sannleikurinn er, að það eru ekki til nein eðlisfræðileg rök fyrir því, að sýn geti nokkru sinni átt sér stað eða borið fyrir án þess að eitthvað hafi raunverulega verið séð. Og svo er nú þetta, sem draumfræðingar virðast varla

eða ekki hafa veitt neina athygli, en er þó hin áreiðanlegasta staðreynd, að draumsýnir manna eru jafnan ósamkvæmar því, sem þeir ætla þær hafa verið. Er hvort tveggja þetta svo veigamikla atriði, að fram hjá þeim verður ekki komist. En sé hér aftur á móti litið á eins og dr. Helgi Pjeturss gerði — en hann er sá, sem fyrstur allra mun fyllilega hafa gert sér ljósan þann raunveruleik draumanna, sem hér hefir þegar verið rakinn — þá horfir þetta allt öðru vísi við. Líti maður þannig á, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars, líti maður þannig á, að draumsýnirnar séu ævinlega tilkomnar fyrir samband við einhvern, sem raunverulega sér það, sem ber fyrir hinn sofandi mann, þá verður eðlilegt ekki einungis það, að í draumi skuli eiga sér stað sýnir og atburðir, heldur einnig hitt, að þessar sýnir skuli vera ósamkvæmar því, sem dreymandinn ætlaði þær vera eða hafa verið. Sé t. d. sambandsvera dreymandans, draumgjafinn, sem dr. Helgi nefndi svo, staddur heima hjá sér, þá er auðvitað við því að búast, að dreymandinn þykist einnig vera staddur á sínu heimili, því að auk þess að sjá með augum draumgjafans finnst honum hið sama um sjálfan sig og draumgjafanum. En að dreymandinn skuli svo, þegar hann vaknar, muna eftir ýmsu úr draumi sínum, sem raunverulega ekki er heima hjá honum, þá er það einnig eins og við var að búast, því að eðlilega eru heimili þessara tveggja manna, draumgjafans og draumþegans, frábrugðin hvort öðru. Og minnst maður nú þess, sem margir halda fram, og ekki alltaf að ástæðulausu, að í draumi veitist stundum vitneskja um eitt og annað, sem ekki getur hafa verið þegin af neinum hér á jörðu, þá er það í góðu samræmi við það, að sumar draumsýnir skuli vera

þannig, að þær hafi ekki getað verið séðar frá þessari jörð.

III.

Það var einu sinni, að menn vissu ekki um neina staði fyrir utan jörðina. Að vísu gerðu menn sér þá einhverjar óljósar hugmyndir um bústaði á himni uppi og þá jafnframt einhverja dvalarstaði niðri í eða undir jörðinni. En hitt vissu þeir þá ekki, að til eru óendanlega margar sólir og jarðir í hinum takmarkalausum geimi. Og einu sinni var það, og tiltölulega fyrir skömmu, að menn vissu ekki um þá sambandsmöguleika, sem þeir þreifa nú á daglega, þar sem útvarpið er og fleira því skylt. Og meðan menn vissu ekki um þetta, vissu ekki, hvað stjörnur eru, né heldur um það beina samband, sem á milli þeirra er og allra hluta, þá var ekki við því að búast, að þeir færu að setja drauma sína í samband við aðra menn og þá allra sízt íbúa annarra hnatta. En eins og nú horfir við ætti einmitt þetta ekki að þykja nein fjarstæða. Í rauninni ætti mönnum að fara að þykja þetta mjög líklegt, og það jafnvel þó að ekki lægju neinar beinar ástæður til að fara að halda slíku fram. Sem tilgáta ætti það að þykja ekki öðruvísi en líklegt eða eðlilegt, að bæði hug- og lífs sambönd eigi sér stað á milli stjarnanna, og væri þar þó fyrst að hugsa sér slík sambönd á milli íbúa jarðarinnar. En þegar sýnt hefir verið fram á það, að þarna er ekki einungis sú eina skýring, sem komið getur heim við staðreyndir draumanna, heim við það, hvernig draumar raunverulega eru, heldur að það hefir einmitt sannast, þá ætti mönnum að fara að þykja slíkt alveg sjálfsagt. Raunveruleikinn er, að óvæfengjanlegar sannanir hafa fengist

um, að reynsla sem bar fyrir sofandi mann, hafi samtímis borið fyrir annan vakandi. Samband milli sofandi manns og vakandi hefir óvæfengjanlega verið sannað. Og þegar hugleitt er um svefninn, þá ber þar einnig að hinu sama, líkindunum til beinna sambanda milli einstaklinga.

Það er nú að vísu svo, að um svefninn hefir lítið verið vitað til þessa. Menn vita það að vísu, eða ættu að vita, að það að sofa er falið í því að gleyma sér. Enn fremur vita menn það, að með svefninum veitist hressing og endurnæring, sem er lífsnauðsynleg. Menn vita það með öðrum orðum, að það að sofa er jafnvel enn nauðsynlegra en matur og drykkur. En þó að menn hafi til þessa ekki gert sér það ljóst, hvers vegna þetta er, þá má nú heita, að það blasir alveg við. Svefninn er ástand til að taka á móti utanaðkomandi magni. Hann er slökun á vitundar- og lífstarfi einstaklingsins fyrir aðstreymi utanaðkomandi krafts, sem fer til að byggja upp og halda við þeirri merkilegu efnaskipan, sem hver einn lífandi er. Þetta er hinn eini rökrétti skilningur á því, sem með hvíldinni veitist. Og hvaðan ætti svo þessi magnan að koma hinum sofandi manni? Óefað þaðan, sem hinar meir en mannlegu vitneskjur berast stundum í svefni eða sem hugboð, óefað þaðan, sem hinar yfirjarðlegu sýnir berast mönnum í draumi. Það sem hér blasir við, er að lífið hér sé ekki neitt einstakt fyrirbæri eða útúrdúr, sem átt hafi sér stað á einungis einum, litlum fylgihnetti einhverrar einnar sólstjörnu. Það sem hér blasir við, er að líf þessarar jarðar sé þáttur í óþrotlegu alheimslífi, þáttur, sem orðið hafi til, og þróast og haldist við fyrir samband við aðrar og öflugri lífstöðvar. Og sé nú ennfremur gætt að því, sem gerzt

getur og gerist í sambandi við miðla, þá verður það enn til stuðnings og skilningsauka. — Ég veit nú að vísu, að mörgum þykir það illa hæfa að minnast á miðla og líf eftir dauðann. Slíkt er af mörgum talið tilheyrja einungis ákveðinni sértrú og því alfjarri öllu því, sem nefnt er náttúrufræði eða vísindi. Og að vísu er það alveg satt, að skilningur manna í þessum efnnum hefir ekki verið vísindalegur. En miðilsfyrirbærin eru þrátt fyrir allt ósvikinn veruleiki, og er í því sambandi ástæða til að minna á hinar merku athuganir Guðmundar Hannessonar prófessors, sem sagt var frá í útvarpi með hans eigin orðum. Og þegar horft er á þennan veruleika þaðan, sem skilningurinn á sambandseðli draumanna og svefnisins er, þá hættir einnig skilningurinn á honum að vera óvísindalegur. Eða með öðrum orðum, þegar skilningur er þar fenginn, er ekki frammar um óvísindaleik að ræða. Og skilningurinn þar er einmitt þetta: Miðilsástandið er í aðalatriðum sama eðlis og vanalegur svefn. Hvort tveggja er í aðalatriðum sambands- og mögnunarástand. Munurinn er aðallega sá, að í stað þess að hinn vanalega sofandi maður er þiggjandi mögnunarinnar einungis sjálfum sér til lífs og endurnæringar, er miðillinn að nokkru leyti eins og farvegur slíks til annarra viðstaddra. Í stað þess, að í vanalegum svefni hlýtur sofandinn að verða einn til frásagnar um drauma sína, eftir að hann er vaknaður, segir miðillinn með nokkrum hætti frá slíku um leið og það gerist. Eða með öðrum orðum, í stað þess að draumgjafi hins vanalega sofanda skapar honum drauma og sennilega oftast án þess að vita af því, fær draumgjafi miðilsins hann til að tala að vild sinni að nokkru, og getur þá einnig um leið látið eitt og annað gerast fyrir utan sjálfan


miðilinn. Og hverjir hafa þá þessir draumgjafar eða sambandslifendur reynzt vera? Stöku sinnum hefir sannast, að draumgjafi eða sambandsvera miðilsins var einhver ákveðinn lifandi maður hér á jörðu eins og líka eru til dæmi um, að draumgjafi vanalega sofandi manns hafi verið. En venjulega mun það vera um draumgjafa hins sofandi miðils, að hann segi sig vera einhvern framliðinn mann, og hefir stundum sannast, að svo var raunverulega, eða hlaut að vera. Og hér er það enn, að uppgötvunin á sambandseðli draumanna hjálpar til að skilja.

Það hefir réttilega þótt skorta á, að fram á það hafi verið sýnt líffræðilega, að látinn maður lifi, og er þar ástæðan til þess, að ýmsir hafa ekki talið sig geta tekið það til greina, sem þó voru fullgildar sannanir fyrir slíku. Það sem þar vantaði, var að geta séð fram á það líffræðilega, að slíkt geti átt sér stað. En þegar samböndin á milli lifendanna hafa verið sönnuð á þann hátt, sem hér hefir verið vikið að, þá horfir þetta við allt öðruvísi. Þegar sá skilningur er fenginn, að án sambanda út fyrir jörðina geti enginn lifað, og þá auðvitað ekki heldur lifnað, þá þarf það ekki lengur að vera neitt óskiljanlegt né óhugsanlegt, að einstaklingurinn lifi áfram eftir dauðann. Eins og öllum mætti vera ljóst, þá er að vísu ekki vitað um neina tilverumöguleika fyrir utan þessa jörð, nema á öðrum hnöttum, og kemur þá auðvitað ekki til greina að leita annars staðar en þar að framlífsmöguleikum látinna einstaklinga. Lífheimar annarra jarða í enn öðrum sólhverfum gefa hina einu hugsanlegu möguleika til þess, að einstaklingarnir lifi áfram líkamlegu og staðlegu lífi, en einungis á þann hátt er hugsanlegt, að líf geti átt sér stað. En með uppgötvun

lífsambandsins verður loks hugsanlegur flutningur einstaklinganna frá stjörnu til stjörnu. Lífið er, eins og kunnur, útlendur líffræðingur hefir gert sér ljóst, ákveðin niðurskipan efniseinda, ákveðið kraftform, og hafði sá skilningur að vísu komið fram áður hér á landi. Við það eitt, að ákveðin efnaskipan hafi átt sér stað, virðist þetta, sem nefnt er líf og vit, getað komið fram, og mætti ætla, að þar sé um tilveruhafning að ræða, sem að sínu leyti væri jafnvel enn þá merkilegri en það, sem gerist, þegar frumeind verður til. Hafningin til lífs er á hverri jörð hinn stærsti og þýðingarvænlegasti atburður, því að af engu er hér svo mikils að vænta sem hinu lifandi og vitandi efni. Og þetta, sem á sér stað, þegar einn geislar áhrifum sínum til annars, er einmitt viðleitni til að framleiða þar sína efnaskipan, sitt kraftform eða ástand. Lífsambandið, eins og reyndar öll sambandsviðleitni, er þannig falið í viðleitni hvers eins til að byggja sjálfan sig upp á enn öðrum stöðum, og ætti því að geta verið vel hugsanlegt, að árangur þeirrar viðleitni eða geislunar geti, þar sem réttilega hagar til, orðið ekki einungis framkoma svipa eða líkamninga, eins og á sér stundum stað hér á jörðu, heldur einnig fullkomin endursköpun látins einstaklings.

IV.

Eins og ég vék eitthvað að hér í upphafi og eins og menn munu yfirleitt vera sammála um, þá eru það frumskilyrði þekkingar eða vísindalegs árangurs að gera eða hafa gert sér sem réttilegasta grein fyrir því, sem um er að ræða hverju sinni. Byrjunin þar skyldi ævinlega vera sú að gera sér sem bezt ljóst, hvernig, og hvernig



ekki, er, varðandi sjálft viðfangsefnið. En þó að ótrúlegt kunnir það að þykja, sem hér hefur verið haldið fram, þá byggist það samt á engu öðru en því, að betur var hér gætt að þessu frumskilyrði vísindalegrar skilningsviðleitni en áður hafði verið gert varðandi drauma.

Eins og ég gat um, þá hefir mönnum þótt sem annað gæti ekki komið til greina varðandi drauma en vitund sjálfs dreymandans. Þannig hefi ég séð því haldið fram eða það fullyrt í merku fræðiriti, *Bókinni um manninn*, að draumar séu ekki annað en eftirsýnjanir eða endurspeglanir þess, sem borið hafi fyrir dreymandann í vöku. En eins og ég hefi hér sýnt fram á eða bent, þá verður slíku ekki haldið fram nema því aðeins, að hafa ónógsamlega gert sér grein fyrir því, sem ber fyrir í svefninum, ónógsamlega gert sér grein fyrir því, hvernig draumar raunverulega eru. Það sem ber fyrir mann í svefninum, er, eins og ég hefi þegar margsinnis gert mér ljóst, jafnan eitthvað frábrugðið því, sem nokkru sinni hafði borið fyrir mig í vöku. Draumsýnir mínar eru með öðrum orðum ævinlega eitthvað, og það jafnan verulega, frábrugðnar því, sem ég ætlaði þær hafa verið. Og þegar svara ætti þeirri spurningu, hvers vegna þetta skuli nú einmitt vera svona, þá getur þar fyrst og fremst eitt svar komið til greina og staðist. Draumsýnirnar eru svona af því, að dreymandinn skapar þær ekki sjálfur. Þegar mig dreymir, að ég sjái sjálfan mig í spegli, en það hefir mig nokkrum sinnum dreymt, þá er það vegna þess að ég skapa mér drauminn ekki sjálfur, að ég sé þar ekki mitt eigið andlit, heldur einhvers annars. Og ennfremur er það af sömu ástæðu, þegar ég í svefninum þykist rifja um minningar um eitthvað, sem ég í rauninni á engar minningar um.

Auðvitað neita ég því ekki, að minningar úr vöku og ýmislegt fleira renni saman við þetta, sem ekki getur verið sjálfsköpun hins sofandi manns, því að það er nú einmitt minningum einstaklingsins, sem hið utanaðkomandi tengist. Án minninga sinna um eitt og annað úr lífi sínu væri einstaklingurinn eða vitund hans eins og harpa án strengja, og gæti þá ekki svarað því fremur, sem honum bærisk í vöku en í svefni. En einar saman gætu þó minningar hans ekki nægt honum til að skapa honum upprifjunardrauma. Til þess að hin minnsta upprifjun eigi sér stað í svefni, þarf eitthvað utanaðkomandi að vera til þess að vekja hana, því að eins og menn ættu auðveldlega að geta gert sér ljóst, þá er vitund hins sofandi manns mjög ósjálfstæð og líttvirk. Það getur jafnvel verið nauðsynlegt vakandi manni til þess að geta á lifandi og ljósan hátt rifjað upp minningu, að einhver ákveðin atriði komi þar til hjálpar, en draumur hins sofandi manns er nú einmitt það að taka undir með einhverju slíku í vitund draumgjafans. Vitund sofandi manns er jafnan eins og kyrrt og ósnortið hljóðfæri, sem tekur undir með öðru hljóðfæri, sem verið er að leika á. Og nú ætla ég að biðja lesendur mína að athuga með mér draum, sem mér var sagður nýlega í bréfi, og er hann á þessa leið:

„Mér þótti ég vera á ferðalagi ásamt öðru fólki í langferðabíl, og hafði ég þá eða einhver annar orð á því að stanza til að skoða blóm, sem þarna sáu sumstaðar í breiðum. Það var gert, og gat ég nú skoðað þau betur. Eitthvað minnti þetta mig á baldursbrá. En krónublöðin voru þó ekki hvít og breiddu ekki úr sér, heldur luktust dálítið að ofan yfir blómbotninn, en þó ekki svo, að ekki sæi ofan í. Ég gægðist ofan í eitthvert

blómið, og sá þá eitthvað, sem líktist fræflum og fræfum á baldursbrá, en hvert eitt þeirra sást þó betur.“

Þetta er draumsaga, sem ég valdi hér af handahófi, og er ekki að neinu leyti óvanaleg. En sé hún athuguð, þá liggur það alveg í augum uppi, að þar getur ekki verið um eina saman hugsmíð að ræða. Það er ekki einungis, að hér væri um það eitt að ræða að sjá, heldur kom hér einnig til greina athugun á því, sem bar fyrir augu, en það ætti ekki að geta átt sér stað um eintóma hugsmíð. Þó að hinn sofandi maður hefði með einni saman hugsun sinni getað látið sig sjá þessi blóm, sem engin rök liggja til, þá er óhugsanlegt annað en að þau hefðu undireins horfið dreymandanum um leið og hann beindi að þeim athugun sinni. Það er óhugsanlegt, að unnt geti verið hvort tveggja í senn að kalla fram hugsýn og athuga hana um leið eins og eitthvað raunverulegt, sem haft er fyrir augum. Og nú ætla ég hér að síðustu að víkja að einu mjög merkilegu atriði varðandi drauma og annað þeim skylt.

V.

Ýmsir munu hafa veitt því athygli, að bein áhrif frá mönnum eru mismunandi, og er það í góðu samræmi við það, sem hér hefir verið haldið fram. En það sem dr. Helgi Pjeturss sérstaklega veitti athygli í því efni, voru þau áhrif, sem aðrir höfðu á drauma hans. Nefndi hann áhrif þessi stilliáhrif, en lögmál það, sem þau stjórnast af, stillilögmál, og segir hann, að sér hafi ekki þótt stórum minna vert um uppgötvun þessa lögmáls en uppgötvun lífsbandsins áður. Og það var heldur ekki að ástæðulausu. Með uppgötvun þessa lögmáls er

fundin leið til að færa sér í nyt hina fyrri uppgötvun, leið til að geta ráðið því, hvers konar sambönd það verða, sem maður magnast af í svefninum, og reyndar líka þar fyrir utan, því að í rauninni er alltaf um einhverja sambandsmögnun að ræða. Væri sannarlega mikil þörf á því að menn lærðu að stilla sjálfa sig og aðra sem mest til sambanda við góða staði, og mundi slíkt reynast mönnum hinn mesti ávinningur og einnig þeim, sem sambandsáhrifin stöfuðu þá frá. Guðunum er ef til vill ekki minni þörf á að geta veitt hjálp sína og fegurðarmögnun en hinum ófullkomnu lifendum að þiggja hana. Og til þess nú að sýna fram á, að þarna er ekki um neinn óveruleik að ræða, ætla ég hér að síðustu að segja frá einu dæmi um það, hversu návist eins getur haft áhrif á draum annars:

Mann, sem dvaldi á heilsuhæli nokkru, dreymdi næstu nótt eftir að nýr herbergisfélagi hafði komið þangað til hans, að hann sæi tvær flugvélar hrapa og farast þannig. Og vegna þess, að hann hafði einmitt tekið eftir áhrifum annara á drauma sína, spurði hann hinn nýja herbergisfélaga sinn, hvort hann hefði eitt-hvað fengist við flug, og sagði hann það vera, sagðist hafa verið tvö ár í Kanada að læra slíkt. „Varð nokkurt flugslýs þar, meðan þú dvaldist við þennan skóla,“ spurði þá sá sem drauminn dreymdi. „Já,“ svaraði hinn. „Það fórust þar tvær flugvélar með mönnum, sem ég kannaðist við.“

Hvað dreymdi þig í nótt?

Þannig spurði ég eitt sinn stúlku, sem gist hafði hjá mér næturlangt, og var það skömmu eftir að hún var komin á fætur. Svaraði stúlkan því til, að sig hefði dreymt vel, en það góða í draumi hennar var, að hún þóttist sjá sig í spegli nokkru unglegri en hún þá var orðin. Hún sagði, að í hinni draumséðu spegilmynd sinni hefði hún ekkert verið farin að hærast, og var það ósamkvæmt veruleikanum, því að stúlka þessi var talsvert gráhærð orðin.

Hvernig dreymdi þig í nótt, spurði ég seinna tíu ára Reykjavíkurstúlku, sem þá var að koma á fætur og dvalizt hafði um skeið á heimili mínu.

„Mig dreymdi að ég væri heima hjá mér,“ svaraði stúlkan.

„Hvað sástu þar,“ spurði ég.

„Ég sá hana mömmu mína,“ svaraði stúlkan.

„Þótti þér hún líta út eins og hún á að sér að vera,“ spurði ég.

„Nei,“ svaraði stúlkan „Mér þótti hárið á henni vera ljósbrúnt líkt og á mér, en hún er svarthærð. Svo þótti mér hún vera grönn, en hún er nokkuð feit. Svo var íbúðin líka allt öðruvísi, miklu stærri. Systir mín — hún kann nú reyndar eitthvað á hjóli — var þarna inni að leika sér á reiðhjóli. En það væri ekki hægt þar.“

Þessi glöggu svör hinnar tíu ára gömlu Reykjavíkurstúlku, sem ég aldrei hafði minnst á drauma við og vafalaust hefir engar hugmyndir gert sér um slíkt, og eins líka svarið, sem hin stúlkan hafði líka gefið mér við sömu spurningu, er gott sýnishorn hinna beztu sann-

ana um, að sjálfur búí maður ekki til drauma sína. Það ætti a. m. k. að liggja alveg ljóst fyrir, að þetta, sem litlu stúlkuna dreymdi, getur ekki hafa verið endurminningasýnir varðandi móður hennar og heimili, og að þarna hafi því verið um eitthvað annað að ræða, en þó eitt-hvað hliðstætt því, sem það minnti á.

Er mark að draumum?

Ég verð að segja það alveg eins og er, að út frá eigin reynslu minni get ég ekki svarað þessari spurningu alveg afdráttarlaust. Mér hefir að vísu fundist það stundum eða fannst einkum, þegar ég var unglingur, að draumar mínir sumir væru eða hefðu verið fyrirboðar og þá ekki sízt fyrir veðrum. En þegar ég fer að leita þar að ákveðnum dæmum, þá finn ég ekkert, sem getur alveg skorið úr um þetta, og er ég ekki þar með að segja, að ekki séu til ýms slík dæmi. Eins og kunnugt er, þá eru til óteljandi frásögur um, að mönnum hafi vitnast eitt og annað í svefni, og tel ég ekki viturlegt að segja að allt slíkt hafi verið skrök eða misskilningur, þó að hins vegar verði ég að játa, að í þessu efni hefir verið mikið um ýmis konar oftrú að ræða og þá um leið skort á raunsæi eða því að sjá alveg það rétta.

En þó að ég geti þannig ekki út frá reynslu minni einni saman svarað umræddri spurningu alveg afdráttarlaust, þá hefi ég fyrir löngu gert mér það alveg ljóst, að svefn og draumur eru í eðli sínu eins og dr. Helgi Pjeturss hélt fram, sambandsástand. Undirrót draums er sú, að í svefninum skiptir maður um meðvitund að nokkru og fær þátt í lífi og reynslu einhvers annars.

Draumur eins er ævinlega að undirrót vökulíff annars, og má nú að vísu, þegar á þessa skilningsleið er komið, segja það alveg afdráttarlaust, að það geti vel átt sér stað eða sé a. m. k. hugsanlegt, að manni berist stundum í draumi ýmiskonar vitneskja. — Eins og öllum ætti að vera ljóst, þá eru hugsanlegar einungis tvær leiðir til þess að öðlast vitneskju. Önnur er sú að afla sér vitneskjanna sjálfur af eigin rammleik, og þá auðvitað vitandi vits. Hin leiðin er svo sú að þiggja vitneskjuna af öðrum og væri það því hin ágætasta sönnun um sambandseðli drauma, ef fullgildar sannanir lægju fyrir um draumvitneskjur. En þar sem reynsla mín um slíkt er tæplega nógu fullgild, þá byggi ég ekki ályktanir mínar um slíkt fyrst og fremst á henni. Sambandseðli draumanna, eða ályktanir mínar um það, byggi ég hins vegar fyrst og fremst á því, hvernig draumar mínir raunverulega eru og hvernig aðdragandi þeirra er. Aðdragandi draums er sá, að maður fer að verða syfjaður, sem er í því falið, að vitund hans gefur eftir og fer að verða sljó. Svo kemur það, að manni fer að renna í brjóst, eins og svo merkilega hefur verið komizt að orði um tilkomu svefnsins, og er þá komið að því, að maður hafi gleymt sér til fulls og þannig með öllu orðið ófær til allrar sjálfráðrar hugsköpunar eða hugsunar. En þegar svo er komið, á það sér einmitt stað, sem mikil ástæða er til að kalla furðulegt eða ólíklegt, ef einungis væri þá um manns eigin vitund að ræða. Þegar hugur manns hefir gerzt óvirkur að mestu eða öllu og sjálfskynjan manns er alveg úr sögunni, þá á sér þetta stað, sem kallað hefir verið draumur og óneitanlega er mjög líkt því, sem á sér stað í vöku. Draumurinn er sýnir og aðrar skynjanir ásamt

ýmis konar þátttöku í atburðum og lífi. Það liggur alveg ljóst fyrir, að draumar eru skynjanir og atburðir miklu fremur en hugsanir um skynjanir og atburði. Minningar um drauma eru alveg samskonar og minningar um atburði í vöku, og er sannast að segja, að þrátt fyrir allar kenningar um undirvitundarstarf og annað slíkt, hefir aldrei verið sýnt fram á það með neinum ljósum og skiljanlegum rökum, að þessar skynjanir geti orðið til af engu. Sannleikurinn er, að það hefir aldrei verið sýnt fram á það, hvornig maður geti fremur í svefni en vöku látið sig sjá hugrenningar sínar eins og þegar horft er á hluti eða staði. Og þegar svo auk þessa er gætt að þeirri staðreynd, sem draumedlisfræðingar hafa held ég veitt of litla athygli, að draumsýnir manna eru jafnan meira eða minna ósamkvæmar því, sem þeir ætla þær vera, þá virðist mér, að í rauninni geti hér ekki verið nema um þá einu skilningsleið að ræða. Skilningsleiðin er sú að draumskynjanir manns séu komnar að utan, komnar manni fyrir samskynjun við einhverja, sem skynja og lifa raunverulega atburði, og eru það því ekki minningar manns, sem vekja upp þessar sýnir, heldur eru það sýnirnar, sem vekja mönnum upp minningar þeirra og litast af því. En til þess að sú sambandsskynjun eða samband, sem hér er um að ræða, geti fært sofendum vitneskjur um óorðna atburði eða annað slíkt, hlýtur það, eða einhver þáttur þess, að ná til einhverra þeirra, sem betur væru vitandi en jarðarbúar eru, enn sem komið er. Enda er líka oft í draumsýnum manna það, sem ekki getur hafa verið séð frá þessari jörð, og á ég þar einkum við sýnir, sem stundum gefur til ókunnuglegra himinhnatta og stjörnumerka.

Samdreymi tveggja

I.

Draumsögu þá, sem hér fer á eftir, sendi mér Bjarni Bjarnason á Brekku í Hornafirði, en draumsöguna skráði sjálfur dreymandinn, sem Bjarni segir vera kunn-
an mann og merkan.

„Það var eitt kvöld, að við hjónin vorum háttuð og lásum hvort í sínu rúmi. Ég hafði ekki lesið lengi, þegar mig tók að syfja. Legg ég þá frá mér bókina, slekk ljósið mín megin og sofna fljótt. Mig dreymir þá, að ég komi niður í herbergi, sem er hér á neðri hæðinni, og er þar hálfrokkur inni. Ég sé, að þar eru tveir menn fyrir, og er annar að leika á orgel, sem ég á, en í veruleikanum er þó ekki í þessu herbergi. Hann lék ákaflega fallega tónlist, sem ég kannaðist þó ekki við, en þóttist vita, að væri eftir Mozart. Ekki þekkti ég manninn, sem lék á orgelið, en mér þótti það vera Páll Ísólfs-
son, sem stóð við hliðina á honum. Ég fæ mér sæti þarna úti í horni og hlusta á þessa tónlist um stund. Þegar hann hafði lokið leik sínum, stóð hann upp og þeir Páll báðir og standa nú hlið við hlið og horfa á mig dálítið kankvíslega, að mér fannst. Ég veitti því athygli, að maðurinn, sem ég ekki þekkti, var með eitt-
hvert merki í jakkahorninu vinstramegin. Þessi maður var mjög áþekkur Páli að vallarsýn. Þeir benda mér nú að koma með sér, og alltaf eru þeir dularfullir á svipinn. Mér finnst nú ég fylgi þeim eftir löngum gangi inn í stóran, skrautlegan sal. Engan mann sé ég þar inni, en heyri þó fagra tónlist leikna af strengjahljómsveit, og fannst mér þessi tónlist berast frá skrautlegu leiksviði

í enda salarins. Veitti ég því nú athygli, að ég var þarna einn, og í því vaknaði ég.

Konan mín var enn að lesa, þegar ég vaknaði, enda hafði ég vart sofið lengur en í 10 mínútur. Ég man að mér leið ákaflega vel, þegar ég vaknaði, og lá nokkra stund þegjandi, en segi svo við konuna: „Mig dreymdi svo fallega músík.“ „Jæja, heyrðir þú hana líka,“ svarar hún. Kom mér þetta á óvart, og spurði hana því, hvort hún hefði verið að hlusta á einhverja músík. „Ég hugsa að ég hafi heyrt og séð það, sem þig var að dreyma,“ sagði hún. Sagði ég henni þá drauminn í stórum dráttum, og meðal annars gat ég um mennina tvo, sem mér þótti vera í herberginu, en gat hins vegar ekki um merkið, sem ég sá ókunna manninn vera með í jakkaboðangnum. Þá segir konan: „Hvaða merki var það, sem Páll var með í jakkanum,“ og svaraði ég því til, að það hefði ekki verið Páll, heldur ókenndi maðurinn, sem verið hefði með merkið. En þó að þar skyti skökku við, þá bendir vitneskja hennar um jakkamerkið eindregið til þess, að hún hefði séð það, sem mig hafði dreymt.

II.

Það verður naumast annað sagt en að draumsaga þessi beri það með sér, svo að öllum mætti ljóst vera, að um samband og samskynjan hefir þarna verið að ræða, og hefir þetta verið hliðstætt því, þegar önnur hjón fjarskynjuðu, þar sem þau voru á gangi einhvers staðar ekki allfjarri heimili sínu í Borgarfirði, stundarfjórðungsslátt Dómkirkjunnar í Reykjavík. Gerðist það, samkvæmt athugunum þeirra, á sömu mínútu og nefnd

klukka átti að vera að slá og einmitt á þann hátt, sem þeim heyrðist. Liggur af þessu beint við að ætla, að það hafi engu síður en sláttur Dómkirkjuklukkunnar verið raunveruleiki, sem bar fyrir hjón þessi, hann sofandi en hana vakandi að nokkru, þó að þann veruleika sé að vísu ekki unnt að staðsetja eins og klukkuhljóminn. Vitanlega hefir Páll Ísólffsson ekki verið annar þessara draumséðu manna né heldur hitt, að það hafi verið í hífýlum hjónanna, sem draumatvikin fóru fram, og bendir til þess, auk allra annara ómöguleika í því efni, að dreymandanum skyldi þykja orgel sitt ekki vera í herbergi því, sem hann vissi orgel sitt vera og það raunverulega var. Í sömu átt þykir mér einnig benda hinn langi gangur og skrautlegi salur ásamt leiksviði í fjarsta enda, og kemur því þarna ljóslega fram þetta, sem svo mikilsvert er að menn veiti athygli í draumum sínum, að draumsýnirnar séu þeim jafnan ókunnugar úr vöku, þó að í fljótu bragði virðist svo ekki vera. En sérstaklega athyglisvert þykir mér þarna þó, hversu rangþýðing hjóna þessara á draumskynjunum sínum virðist hafa farið saman að öðru leyti en því, að henni mun hafa fundist Páll Ísólffsson vera sá, sem á orgelið lék, öfugt við það sem manni hennar þótti, og gæti verið nokkur ástæða til að reyna að gera sér einhverja grein fyrir því, hvers vegna honum skyldi ekki einnig finnast hið sama. Nærri því vafalaust hafa þessi hjón átt einhverjar minningar um að hafa heyrt og séð Pál leika á orgel, og þar sem báðir hinir draumséðu menn voru „líkir að vallarsýn“ þá þykir mér sem rangþýðing konunnar hafi í rauninni verið eðlilegri eða nær því, sem vænta mátti. — Annars er mjög líklegt, að sandreymi eins og þetta eigi sér stað oftár en vitað er

og að það dyljist fyrir það, að þótt tveir eða fleiri fái samtímis þátt í skynjana og vitundarlífi eins og sama draumgjafa, rangþýði þeir það svo mjög hver á sinn hátt. Og nú vil ég hér að síðustu vekja athygli á einu, sem í mínum augum gerir draumsögu þessa traustverðari en ella. En það er, að sögumaðurinn skyldi ekki láta ógert að segja frá þessu, sem honum þó þótti skjóta þar skökku við. Þetta, að konan skyldi að fyrra bragði fara að tala um merkið í jakkahorninu, er í rauninni kjarni frásögunnar, og hefði því getað verið freistandi að geta ekki um það, sem í fljótu bragði virtist gera þann kjarna véfengjanlegri. En að sögumaðurinn skyldi einmitt ekki freistast til slíks, það þykir mér vera svo eindregið bending til afdráttarlausrar sannsögli hans.

Endurtekning drauma

Einhvern tíma kom mér það í hug, að langsögulegir draumar dreymdir á skömmum tíma væru að undirrót upprifjanir draumgjafans á liðnum atburðum úr lífi hans auk skynjana hans varðandi það, sem þá á stundinni var að gerast. Þótti mér sem vel gæti átt sér stað, að atburðir líðandi stundar og upprifjan eldri atburða greindust ekki alltaf að í vitund draumþega, og verður þetta þó enn þá skiljanlegra, þegar þess er gætt, að sérhver draumur, sem vaknað er frá, er þegar orðinn að minning eða upprifjun. Í rauninni þarf í huga draumþega ekki að vera mikill munur á því eða aðgreining, sem draumgjafi hans sá eða lifði, meðan draumurinn fór fram, og hinu, sem hann hafði séð eða lifað einhvern

tíma áður, og varð mér þetta þó fyrst ljóst af því að greina einmitt þennan mun eitt sinn, þegar ég vaknaði af draumi. Þetta, sem ég gerði mér þá ljóst, var einmitt það, að sumt, sem mig hafði verið að dreyma, var upprifjan skynjana en ekki eingöngu það, sem þá á stundinni var að gerast. Og nú er það, að upp rennur fyrir mér nokkurt ljós þessu til viðbótar.

Í *Gráskinnu*, I. bindi bls. 177—80, er sagt frá draumi, sem endurtók sig nótt eftir nótt. Konu, sem dreymdi drauminn, hafði verið gefið dýrindis sjal franskt, og fylgdi það gjöfinni, að hún þóttist í svefninum nótt eftir nótt sjá fara fram morð á konu klæddri líku sjali. Þóttist hún í öll skiptin sjá konu þessa vera stungna hnífi í hjartastað, og komu síðar við eftirgrensln í ljós merki um þetta í sjali hennar. Og skýringin hér virðist mér nú vera sú, að þarna hafi verið um upprifjan að ræða, sem endurtekið hafi sig nótt eftir nótt í vitund hinnar myrtu konu eða einhvers, sem þar átti hlut að, og gætu vissulega á sama hátt verið tilorðnir ýmsir aðrir draumar, sem fólk telur sig hafa dreymt aftur og aftur. En að sjalið skyldi valda þeirri upprifjan, þykir mér svo eðlilegast að skýra þannig, að draumgjafa hinnar íslenzku konu hafi borizt frá henni einhverjar skynjanir varðandi það, og er ástæða til að ætla, að næmleiki gagnvart slíkum skynjunum geti verið furðu mikill, þegar um eitthvað er að ræða, sem tengt er sérstaklega sárum og örlagaríkum minningum. En hér er ég nú kominn að því, sem ég á öðrum stað og fyrir nokkuð löngu hefi haldið fram varðandi hlutskyggni og staðbundna reimleika.

Mótunarvald minninganna

I.

Það hafa eflaust margir veitt því eftirtekt, hversu eitt minnir stundum á annað. Þannig rifjaðist nýlega upp fyrir mér saga, sem ég las fyrir löngu, og rifjaðist upp einmitt vegna þess, að ég heyrði í útvarpi sungið lag, sem ég heyrði raulað, þegar ég forðum var að lesa þessa sögu, eða ákveðinn kafla úr henni. Og það var ekki einungis, að ég minntist sögunnar, heldur urðu áhrifin, sem hún forðum vakti mér, eða hinn ákveðni kafla hennar, alveg ljóslifandi fyrir mér við að heyra þetta lag. Kemur mér nú í hug í sambandi við hina merku grein, „Skuggar hins liðna“, sem prentuð er í fyrra hefti „Morguns“ 1950 og að mestu er eftir Sir Arthur Conan Doyle, hvort héðan megi ekki fá nokkurt ljós til skilnings á því, sem þar ræðir um. Bendir höfundur réttilega á það, hve ólíklegt sé, að framliðið fólk sé raunverulega svo bundið sumum stöðum sem það virðist þó stundum vera. Telur hann, að slíkir staðir eða hlutir, sem reimleikar fylgja, séu á einhvern hátt hlaðnir minningum um eitt og annað, sem í sambandi við þá hafi gerzt. En þannig get ég nú hugsað mér, að slík „hleðsla“ verði, að þegar einhver nálgast þennan stað eða hlut, sem hinum framliðna manni var mjög minnisbundinn, fái hann sambandsvitneskju um það, sem svo leiði það af sér, að einhver áhrif berist þangað frá hinum framliðna manni. Þykir mér ástæða til að ætla, að í framlífi verði menn miklu sambandsnæmari en meðan þeir lifðu hér á jörðu, en næmleiki þeirra gagnvart því, sem þeim var sérstaklega minnisbundið, verður þá eðlilega langsamlega mestur. Og þegar hinn

framliðni maður skynjar nú hinn minnisbundna stað eða hlut fyrir það, að einhver annar sér hann eða snertir, þá berast þangað áhrif frá honum, sem svo byggja sig upp á kostnað hins viðstadda manns eða manna, og byggja sig upp samkvæmt því, sem þarna hafði gerzt fyrir löngu. Endurminning hins framliðna manns um staðinn eða hlutinn er það, sem mótar reimleikann, eða hvað það nú annars er, þó að efnið eða krafturinn sé að mestu fengið frá hinum viðstadda, sem fyrir reimleikanum verður, og er þetta því ekki ólíkt því, þegar vatnaniðurinn og goluþyturinn urðu mér forðum að jarmi. Það, sem um er þarna að ræða er mótunarvald minninganna slíkt, sem veldur því, að forsaga lífsins á jörðinni er rakin á fósturskeiði hvers einstaklings.

II.

Það er mjög algengt, að fólk líti á drauma sína sem fyrirboða, og kemur það mjög fram í bókinni „Draumspakir Íslendingar“. Kveður þar svo ríkt að þessu, að frásögunar virðast aðallega vera miðaðar við þetta, og mætti nú vel gera sér grein fyrir því, hver áhrif það mundi hafa á frásögur af vökuatburðum, ef þeir á sama hátt væru skoðaðir sem fyrirboðar. Er því ekki að leyna, að ég hygg marga gera ofmikið úr spágildi drauma sinna og annara, þó að hins vegar sé fjarri mér að neita öllu slíku. Kemur hér þá enn til skilnings að sjá fram á áhrif ákveðinna minningatengsla, en öfugt við það, sem kemur mönnum svo mjög til að rangþýða draumskynjanir sínar og vikið var hér að varðandi staðbundna reimleika. Í stað þess að draumsýn minni sofandann á eitthvað kunnugt honum úr vöku, þá er nú um hitt að ræða, að vökuatvik minni mann á eitthvað,

sem hann hefir dreymt, að honum finnst það koma þar fram eða rætast. Hefir þetta, sem er ein sönnunin fyrir raunveruleik draumskynjananna, nokkrum sinnum komið fyrir mig, og hefi ég þá jafnan getað gert mér það ljóst, að þetta, sem fyrir mig kom, var ekki hið sama og það, sem mig dreymdi, heldur aðeins nokkuð, sem minnti mig á það, og kom mér þannig til að rifja drauminn upp. Þætti mér vænt um, ef þeir, sem þetta lesa, vildu athuga þetta í sambandi við sína drauma, sem þeim virtust koma fram, og væri það þá framhald af því að hafa gert sér ljóst, hve draumsýnirnar voru jafnan ósamkvæmar því, sem þeir ætluðu þær vera. En um hina raunverulegu fyrirboðadrauma eins og líka að nokkru um vökuatvik, sem virtust fela í sér fyrirboða, sýnist mér þetta hugsanlegast:

Draumgjafi skynjar stað, hlut eða atburð, sem fram koma í vitund dreymanda sem sams konar skynjun. En ásamt því fær draumþeginn hugboðssamband við einhvern annan, sem ég nefni hér spágjafa, en aðeins veikt og ógreinilegt. En fyrir þetta hugboð kann dreymandinn þó að þýða draumskynjan sína fyrir eitthvað minnstengt því, sem hugboðið er um. Það, sem mér þætti bera fyrir mig, en raunverulega bæri þó aðeins fyrir draumgjafa minn, kynni þá á þennan hátt að opna hugboðinu leið til mín. En stundum kynnu þó þessi hugboð að koma manni eftir á þannig, að hugboðsþeganum væri eins og stjórnað til að lesa viðvörun eða spá út úr því, sem dreymt var. Þykir mér sennilegast, að hin ýmsu form spálistarinnar, sem þrátt fyrir ófullkomleik sinn er stundum meira en tóm markleysa, muni þannig vera innblásin. Spámaðurinn les það, sem verða mun, út úr sínu táknmáli, ekki af því að það sé þar skráð,

heldur af því að andinn gefur honum þannig að lesa. Aðferðirnar eða reglurnar eru honum aðeins form til að styðjast við, form, sem kann að vera honum ámóta nauðsynlegt og málið er hugsuninni. Og hvers vegna skyldu þá ekki draumarnir líka geta verið slík spádómsform, jafnvel þó að þeir í rauninni fælu í sér enga spádóma.

Ótvíræð dæmi

I.

Svo sem við er að búast, þá gefast ekki mörg dæmi, sem sýna það beint og ótvírætt, að draumur sofandi manns hafi verið vökulíf annars, og þó eru slík dæmi til. Skal hér fyrst geta eins, sem sagt er frá í bókinni „Hulinn heimur“, og mun sú bók hafa komið hér út 1966. Er dæmi þetta á þann veg, að blaðamaður nokkur í Boston lifði upp í draumi það sem þá á stundinni var að gerast hinum megin Kyrrahafsins. Og þetta, sem blaðamaðurinn lifði í svefninum, var hvorki meira né minna en hið stórkostlega eldgos, þegar Krakatoa sprakk í loft upp, og fylgdi þeirri upplifun hans mjög eftirtektarverð vitneskja um þá líttvitað heiti þessarar eyju. Skrifaði blaðamaðurinn þennan draum sinn, sem kallaður er þarna martröð, undireins og hann vaknaði. Og til þess nú, að engin reninging geti komizt þar að eða grunur um það, að draumurinn hafi verið búinn til eftir á, þá vildi svo heppilega til, en óheppilega fyrir blaðamanninn, að þessi draumur hans var þegar í ógáti birtur sem raunveruleg frétt í blaði því, sem hann

starfaði við. Lá við í bili, að honum yrði fyrir þetta vikið úr starfi sínu þar, því að fyrst eftir þessa frétt hans var ekki annað vitað en að hún væri staðlausir stafir. En eins og bráðlega kom í ljós vegna áhrifa frá hinni miklu gossprengingu og svo af fréttum, sem tóku að berast, varð raunin önnur. Enda snerist þá brátt til hins betra fyrir blaðamanninum.

II.

Eins og kunnugt er, þá eru til allmargar frásögur af því, að fólk hafi í draumi heyrt eða lesið vísur og annað slíkt og munað svo, þegar það vaknaði. Skál ég ekki fullyrða neitt um raunveruleik sumra slíkra frásagna, en þykir líklegt, að oft hafi þar verið málum blandið. Nýlega rifjaðist þó upp fyrir mér eitt slíkt dæmi, sem ég hygg að verið hafi raunverulegt, enda er nokkurn veginn auðsætt, hvernig það hefir verið tilordðið. En þannig sagðist dreymandanum frá, sem var öldruð kona, látin nú fyrir nokkrum árum. Þóttist hún í svefninum lesa bréf til ákveðinnar stúlku, og var það biðilsbréf frá ákveðnum manni. Mundi draumkonan efni bréfsins, þegar hún vaknaði, og gat, þegar hún hitti stúlkuna, sem henni þótti það hafa verið til, lesið það orðrétt fyrir henni. Tók þá stúlkan bréf upp úr vasa sínum, og þekkti gamla konan bréfið, sem hún þóttist hafa séð nóttina áður. — Ekki fylgdi sögunni, að stúlkan hafi verið að lesa bréf þetta, þegar draumurinn fór fram, en það þykir mér líklegast.

III.

Mann nokkurn, sem staddur var austur á Arnarvatnsheiði, dreymdi þar einhverja nótt, að hann heyrði

sagt: „Nú er hún dauð þessi belja,“ og vissi hann um leið og hann vaknaði við þetta, að átt var þarna við kú eina heima hjá honum. En sömu nóttina og hann dreymdi þetta dó einmitt þessi kýr, og hafði systir hans sagt þessi orð við móður sína, þegar hún kom inn úr fjósinu og tilkynnti henni kýrlátið.

IV.

Fyrir tveimur til þremur árum sagði kona nokkur mér frá því, sem ég svo rifjaði upp í viðtali við hana seinna, að hún hafi einhvern morgun, eftir að sonur hennar þá á 5. ári var kominn á fætur, sofnað sem snöggvast og þózt sjá út um glugga íbúðarinnar bíl renna heim að húsinu og mann, sem hún þekkti, koma út úr honum. En í sama bili kallaði hinn fjögurra ára sonur hennar, að maður væri að koma, og vaknaði hún þá. Reyndist þá svo sem fyrir hana hafði borið, meðan hún blundaði. Maður sá, sem hún sá í draumnum, var þarna kominn og með þeim hætti, sem hana hafði dreymt, og virðist hún þannig hafa sem snöggvast orðið draumþegi sonar síns, öfugt við það, sem fyrir sagða dæmið sýnir.

Eins og ég sagði rifjaðist þessi draumur upp fyrir konunni, er ég fór að spyrja hana um hann, en mundi hins vegar betur annan draum, sem ég man nú ekki lengur. Og ef til vill er ekki heldur alveg ófróðlegt að geta þess, að fyrir sagða drauminn, sem systir dreymandans sagði mér fyrir löngu, mundi hún ekki nokkrum árum síðar, er ég fór að spyrja hana um hann. En ekkert vafamál er það fyrir mér, að draumur sá var mér sagður á þann hátt, sem ég skráði hann hér.

V.

Rétt þykir mér að geta um það hér að lokum, þó að ekki sé alveg um ótvíræð dæmi að ræða varðandi samskynjanir í svefni, að ég sagði það ekki alveg satt í þættinum „um mark að draumum,“ að enga örugga eigin reynslu hafi ég varðandi slíkt. Þegar ég fór að gæta betur að, þá mundi ég eftir því, að eitt sinn vitnuðust mér í svefni tvö mannlát, sem ég svo frétti daginn eftir, en naumast þó með sama hætti og mig dreymdi þau. Og aðra slíka draumvitneskju get ég líka nefnt. Fyrir líklega um 60 árum buðu sig fram til alþingis hér í Borgarfjarðarsýslu þeir Halldór Vilhjálmsson skólastjóri á Hvanneyri og Hjörtur Snorrason, fyrrverandi skólastjóri á sama stað. En litlu eftir að kosningin hafði farið fram, vitnaðist mér það í svefni, að Hjörtur hefði komist að með 25 atkvæða meirihluta, og var það samkvæmt því, sem fréttist stuttu síðar.

Þrír draumar

Faðir minn, Jón Þorsteinsson á Úlfsstöðum, tamdi sér aldrei neina aðferð til að skreyta eða gera sögulegt það, sem hann sagði frá. En naumast mun ég hafa þekkt nokkurn, sem sagði betur frá draumum sínum, því að í þeim frásögum hans lá jafnan svo ljóst fyrir, hvað hann í rauninni hafði dreymt. Enga draumsögu hans get ég þó sagt alveg með hans orðum, því að ég skráði aldrei neitt slíkt eftir honum, en ætla hér samt að segja frá tveimur draumum hans. Var fyrri draumurinn, sem ég mun hafa heyrt sagðan nokkuð löngu dreymdan, á þá leið, að faðir minn þóttist koma þang-

að upp, sem sæti fjallkonunnar var. Þótti honum þetta vera ekki fjarri Húsafelli í Hálsasveit, en leiðin upp að þessu sæti sagði hann að legið hefði yfir samfellda hraunauðn. Var sætið þar sem hæst bar og hallaði frá því á alla vegu, og var það íhvolft og skreytt rauðlitu víravirki. En raunverulega sá hann þó, að sæti þetta var mjög miklum mun stærra en nokkurt sæti gat verið, og að víravirkið, sem honum þótti vera, var einungis rauðlitt gjall.

Seinni drauminn, sem ég ætla hér að segja, dreymdi föður minn örfáum dögum fyrir dauða sinn, en síðustu tvö æviár sín var hann að mestu rúmfastur vegna veikinda. — Þannig hagar til á Úlfsstöðum, að bærinn stóð þar uppi í hlíð á móti suðri og sér þaðan til nokkurra annara bæja frá suðaustri til vesturs, og sér þar lengst austur til Auðsstaða í á að gizka 5 til 6 km. fjarlægð. En draumurinn var á þá leið, að faðir minn þóttist heiman frá sér horfa þangað og sjá þar hvíta ullarbreiðu, sem vera mundi til þerris. „En mér fannst þetta vera örskammt í burtu,“ sagði hann, enda hefði slíkt, sem honum virtist þarna um að ræða, naumast verið greint nema úr fremur lítilli fjarlægð.

Það er naumast um að villast, að sæti fjallkonunnar, sem föður mínum þótti vera, hefir verið eldgígur, og gæti ég trúað, að faðir minn hafi, þegar hann dreymdi þetta, þá í fyrsta sinn séð nokkuð slíkt, nema í fjarlægð. Að honum þótti þetta vera ekki fjarri Húsafelli, er eðlilegt af því, að þar var honum kunnugt um hraunlendi slíkt, sem bar fyrir hann þarna, og að hann skyldi líka þýða gíginn fyrir það, sem hann gerði, þykist ég einnig vel geta skilið. — Það mun hafa verið mjög algengt, þegar faðir minn var ungur, og var einnig í

minni bernsku, að sjá myndir af fjallkonunni utan á einu og öðru, og er því líklegt, að þarna hafi komið til greina bernskuminningar og bernsku hugmyndir í sambandi við það. Hvað valdið hefir svo því í seinni draumnum, að föður mínum skyldi þykja það vera Auðsstaðir, sem hann heiman frá sér sá í svona lítilli fjarlægð, liggur hins vegar ekki eins ljóst fyrir, og kemur mér þar þó í hug nokkuð, sem verða mætti til stuðnings þeirri trú mjög margra, að draumar feli stundum í sér tákni varðandi eitt og annað framundan. En eins og ég sagði, þá dreymdi föður minn þennan draum örskömmu fyrir dauða sinn, en örfáum dögum á undan honum, líklega um það leyti sem hann dreymdi drauminn, lézt einnig góðkunningi hans og að miklu leyti jafnaldri, Þorsteinn Guðmundsson á Auðsstöðum, og má því segja, að stutt hafi orðið á milli þeirra eins og líka virtist vera orðið í draumnum.

Að lokum ætla ég hér að segja frá draumi, sem mig dreymdi 9. nóvember 1956, og geri ég það vegna þess, að mér virðist hann benda út fyrir jörðina að nokkru. Þóttist ég í draumnum vera staddur á Arnarvatnsheiði vestarlega, því að í suðri og þó örlítið austar þóttist ég sjá tvö fjöll, og þótti mér hvorutveggja vera Hafrafell. En er ég horfði yfir til þessara fjalla, sá ég þar skammt fyrir ofan stóran himinhnött, sem færðist með vel sýnilegum hraða frá vestri til austurs. Þykir mér sem þvermál þessa hnattar hafi verið allt að tvöfalt á við þvermál tunglsins, enda var skin hans miklu meira, en þó ekki svo, að þarna geti hafa verið um sól að ræða. Eitt-hvað festi ég líka augu á stjörnum, og bendir það líka til, að þarna hafi ekki verið sól og daghiminn, þó að miklu bjartara væri en á venjulegri nóttu. Stundum

hvarf tungl þetta og birtist svo aftur, og þykir mér sem því hafi valdið einhver skýjaslæðingur þarna yfir fjöllunum. Og eitt er það enn, sem mér þykir vert að geta um. Þegar ég vaknaði frá þessum draumi, þá var það ekki til sjálfsvitundar, heldur til vitundar einhvers annars. Þegar ég þóttist vakna, leit ég upp til glugga svefnherbergisins, sem mér þótti vera mitt eigið, og sá að rúðurnar voru hélaðar. Og það var ekki einungis að ég sæi þetta. Til þess að vita vissu mína, fór ég fram úr rúminu og þreifaði á rúðunum, svo að ég fann einnig það, sem mér hafði sýnt. Kom þá fram í huga minn, að ég hefði skilið eftir úti vatnskældan traktor minn með vatni á, og varð það til þess, að ég vaknaði raunverulega. En þá sá ég, að glugginn var alls ekki hélaður, enda var alveg frostlaust úti.

Koffortslykillinn

Lítill formáli

Tvennt er það meðal annars, sem blasir við af sjónarhóli lífsambands óendanlega margra lífheima. Annars vegar er hin óendanlega fjölbreytni, sem hlýtur að eiga sér stað, þar sem enginn einn á alveg sömu sögu eða aðdraganda og nokkur annar. Hins vegar er svo það samstæði, sem þetta samband og öll önnur tengsl byggjast á. Er þannig hið líklegasta, sem líka styðst við fyrirmyndafræði Platons og tilsvaranafræði Swedenborgs, að í geimnum muni vera um að ræða mjög margar systurjarðir, þar sem atburðir í heild, og það jafnvel í einstökum eða einstaklingsbundnum atriðum, renni eins

og eftir föstum örlagabrautum, þó að seinni atburðir né heldur hliðstæðir geti hins vegar aldrei orðið alveg eins eða hinir sömu og undangengnir. Og þegar svo dregur til þess hér á jörðu, að eitthvað gerist mjög líkt því, sem er að gerast eða gerzt hefir á einhverri annari jörð, þá skapast hér skilyrði til sambanda og samskynjana við einmitt þá, sem þar eru þátttakendur, og verða þær samskynjanir hjá jarðarbúanum hér að draumi. Líkingin er það, sem til sambandanna leiðir. Og þegar svo hinn líki og áður skynjaði atburður gerist í raun og veru, þá getur í fljótu bragði virzt svo, að draumurinn um hann hafi verið fyrirframskynjun, og þykir mér sem eftirfarandi draumsaga megi verða til stuðnings þessum skilningi. Virðist mér sem dreymandinn, Haraldur Jónsson, hafi þarna fengið samband við mann, sem líkt stóð á fyrir og hjá honum sjálfum, nokkurs konar tvífara sinn eða ástæðing, sennilega á annarri jörð, og að fyrir það hafi vitneskjan um lykilinn getað borist honum.

P. J.

„Um lokin vorið 1912 lagði ég af stað við 14. mann með flóabátnum upp í Borgarnes á leið norður í Sauðárkrók, ráðinn í vegavinnu við Skagafjarðarbrautina þá um sumarið. Við gengum úr Borgarnesi norður í Húnavatnssýslu. Samferðamenn mínir voru vermenn, sem róið höfðu suður með sjó á vertíðinni, að fara norður til heimila sinna. Ég skildi við þá á Blönduósi og varð samferða þeim úr hópnum, sem átti heima á Skagaströnd, fékk að gista hjá honum og bíða þar milliferðaskips, sem von var á þangað úr Reykjavík á leið til Sauðárkróks. Með skipinu átti að vera farangur minn, koffort og tveir fatapokar, sem og var. Eftir nokkra daga

kom skipið að Skagaströnd, og fékk ég far með því þaðan að Sauðárkróki. Með skipinu var kunningi minn, Bjarni Jónsson beykir, á leið norður í Siglufjörð. Undir eins og ég varð hans var og vissi ferðaáætlun hans, það ég hann að taka af mér tvær bækur og koma þeim til skila til manns í Siglufirði, og hét hann því góðfúslega. Að kvöldi dags komum við að Sauðárkróki, og ætlaði ég þá að opna koffortið og ná í bækurnar, en fann hvergi lykilinn. Sagði ég þá Bjarna, að yrði ég ekki búinn að finna lykilinn fyrir hádegi daginn eftir, áður en skipið færi, myndi ég brjóta upp koffortið, svo ég gæti afhent honum bækurnar. Svo fór ég í land, gekk um allt þorpið, virti fyrir mér hvert hús þar um leið og leizt ekki á að ég vildi biðjast þar næturgistingar. Var mér nú farið að detta í hug að liggja úti uppi í hlíðinni fyrir ofan þorpið, en gekk svo áður stuttan spöl inn fyrir það til að skoða reisulegan bæ, sem ég sá standa þar. Ég gekk þangað heim, hitti húsráðendur, sem virtust manndómsmenn, falaði af þeim einnar nætur gistingu, og var mér þar ljúflega tekið og gisting og veitingar veittar fúslega. Mér var vísað til svefnis í gott rúm. Bær þessi minnir mig að hétu Sauða. Öðru hvoru var ég að hugsa um lykilinn að kofforti mínu og taldi líklegt, að ég hefði skilið hann eftir á borðshorninu heima hjá mér, heldur en að hafa týnt honum. Óskaði ég þess að svo hefði verið, og mamma hefði þá hirt hann og látið hann fylgja fötunum mínum. Væri þá ekki nema einn vegur til að fá að vita það í tíma, sá vegur, að mig dreymdi um það um nóttina. Ég svaf vel, vaknaði kl. 4 til 5 um morguninn, og hafði mig þá ekki dreymt lykilinn. En er ég sofnaði aftur, þótti mér móðir mín kalla til mín frá Reykjavík þangað sem ég vissi mig nú vera fyrir norð-

an: „Halli minn, þig vantar lykilinn að koffortinu þínu. Þú skildir hann eftir á borðshorninu. Ég tók hann og hnýtti hann við spælinn á gráröndóttu buxunum þínum, en þær eru efst undir segldúknum í opinu á öðrum fatapokanum þínum.“ Því næst vaknaði ég. Ég lá litla stund vakandi, óskandi þess að vita, hvernig draumurinn hefði orðið til, eins og mig hafði svo oft áður langað til. Eftir litla stund sofnaði ég enn, og þá fannst mér eða mér var sagt — ég man ekki hvort heldur var — að nú skyldi ég fá að sjá, hvernig þessi draumur varð til. Þá sá ég fyrir ofan mig mann standa á lengdar og horfa á ungan mann rétt fyrir framan sig leitandi að lykli að hirzlu, sem stóð rétt hjá honum ásamt öðrum farangri. Hann kallaði til móður sinnar, sem mér fannst standa í nokkurri fjarlægð í öðru herbergi, að sig vantaði lykilinn. Hún kallaði til hans sömu orðin og mér fannst móðir mín kalla til mín, og þar þótti mér hann finna lykilinn. Og minn lykill var líka þar, sem mér þótti móðir mín segja í draumnum áður.“

(H. J.)

Ekki „fyrirskilvitlegt“

Eins og kom fram í erindi því, sem Karl Sigurðsson kennari flutti í útvarp þann 3. des. s. l., þá eru útlendir vísindamenn eitthvað farnir að nálgast þann skilning á eðli drauma, sem íslenskur vísindamaður var farinn að halda fram fyrir nálega 60 árum. Er það sá skilningur, að fjarhrif milli manna komi þar til greina, en hinn frægasti sálfræðingur aldarinnar, Sigmund Freud,

fullyrti afdráttarlaust að væri ekki. „Die Telepathie hat mit dem Wesen des Traumes nichts zu tun,“ voru eitt sinn hans orð. En þó að loks sé nú farið að nálgast þessa íslenzku niðurstöðu, þá verður ekki annað sagt en að hægt gangi, — og sýnir það takmarkanir þessara útlendu athugara, að því skuli þar vera haldið fram, að hinn sofandi mann dreymi ekki nema stund og stund og alls ekki fyrr en nokkuð löngu eftir að hann er sofnaður. Hefðu þessir ágætu athugarar gætt nógu vel að eigin svefni og draumum og ekki aðeins einblínt á sofendurna, sem þeir höfðu til athugunar, þá hlytu þeir þegar að hafa komizt að því, sem er, að draumur hefst undir eins og manni fer að renna í brjóst. Og þetta, sem hér ræðir um, er fjarri því að vera neitt „yfirskilvitlegt“, eins og mörgum hættir við að telja, því að þar liggur til grundvallar, þó að á öðru stigi sé, nákvæmlega hið sama og þar sem eru fjarflutningar útvarps í máli og myndum. Eins og þar er hér að sjálf sögðu um geislan að ræða, sem því aðeins kemur fram hjá viðtakanda, að hann sé stilltur til sama ástands og er hjá sendanda. Eru til mörg dæmi, sem sýna þetta ljóslega eins og t. d. það, hve fjarhrif eiga sér auðveldlega stað á milli eineggja tvíbura, sem eins og vænta má eru jafnan sérstaklega eðlisástæðir.

Mig dreymir en ekki ég dreymi er hin íslenzka málvenja að segja, og er það í góðu samræmi við, að á Íslandi skyldi það fyrst verða vitað, að hinn sofandi maður er ekki höfundur drauma sinna. Á Íslandi var það fyrst vitað, að draumur eins er ævinlega að undirrot vökulíf annars, og að sofandinn er því fyrst og fremst þolandi og þiggjandi. Og ef til vill hefir það mest verið vegna þess, hve mikla og furðulega útsýn

Þessi íslenska niðurstaða veitir, að menn og þá fyrst Íslendingar, hafa verið svo tregir til að fallast á hana. Menntu eru stundum svo undarlega ljósfælnir og hræddir við það að þokunni létti. En þar sem nú af mikils virtum útlendum fræðimönnum er verið að mjakast til þessarar íslensku niðurstöðu, þá kynni svo að fara, að einnig íslenskir fræðimenn sæju sér ekki annað fært en að gera slíkt hið sama.

21. marz 1971.

Hið skiljanlega og hið óskiljanlega

Ekki „yfirskilvitlegt“ nefndi ég litla grein, sem ég skrifaði fyrir ekki allöngu, og var það að vísu annar en ég, en gaf henni það heiti. *Í átt til niðurstöðu íslensks vísindamanns* hafði ég nefnt hana í fyrstu, og var það réttnefni, því að í henni var sagt frá nokkurri slíkri frammjökun. En með seinna heitinu var það hins vegar undirstrikað, að hugsambönd og annað slíkt er ekki neitt „yfirskilvitlegt“ eða óskiljanlegt, sem er miklu látlausara orð og betra. Og nú verður mér út frá þessu greinarheiti hugsað, hvað það helzt muni vera, sem segja megum um, að sé óskiljanlegt, eða hvort nokkuð muni vera það.

Að sjálf sögðu þarf ekki að taka það fram, að margt muni það vera, sem í þessu ríki heimsku og illinda hefjir ekki verið skilið, og er meira að segja líklegt, að fátt eða ekkert hafi verið skilið til fulls eða öðruvísi en að einhverju leyti rangt. Jafnvel þar, sem ekki væri verið

á helstefnuleið, eins og hér er verið á svo margan hátt, mundi seint eða aldrei hætta að koma fram viðbætur skilnings, því að án slíkra framfara gæti hvergi verið um að ræða sanna guðsríkisbraut. En hvernig mætti þó vera, að nokkuð sé óskiljanlegt? Er ekki sjálfsagt, að orsakir liggi til alls, og er það þá ekki jafnsjálfsagt, að allt hljóti að vera skiljanlegt? Raunveruleg fyrirbæri ættu ekki að geta verið öðruvísi en skiljanleg, og þó kemur það fyrir, að ég heyri sagt frá því, sem virðist vera alveg óskiljanlegt. Þannig heyrði ég einhvern tíma í vetur sagt frá því í útvarpserindi, að sál eða vitund prests nokkurs, sem var að predika yfir söfnuði sínum, hafi um stund yfirgefið líkama sinn og séð sjálfan sig, þar sem hann eftir sem áður hélt áfram predikun sinni af stólnum. Ennfremur var það mér óskiljanlegt, sem í þessu sama erindi einnig var talað um og ég reyndar áður hafði heyrt getið um, að fyrir það eitt að yfirgefa líkama sinn geti sál manna eða vitund orðið betur vitandi en ella, því að slíkur aðskilnaður gæfi vissulega enga ástæðu til slíks. Hitt er svo aftur á móti ekki óskiljanlegt, að hvort tveggja hafi getað átt sér stað hjá presti þessum og ýmsum öðrum, að hann hafi þarna séð sjálfan sig eins og um einhvern annan væri að ræða, og að hann þá um stund þættist verða betur vitandi en honum var eiginlegt. Til þess hefði ekki þurft annað en það, að hann hefði fengið þátt í skynjun einhvers, sem á hann horfði, og að þeirri samskynjan hefði að auki fylgt þátttaka í viti einhvers annars betur vitandi.

Það var lengi, að menn ekki skildu sólarganginn eða hvernig honum er varið. Menn héldu, að svo væri þar, sem þeim fannst eða þeim sýndist, og hefði þó verið önnur villan frá og stórum verri, að ætla þar ekki vera

um neina hreyfingu að ræða. Lausnin er aldrei falin í því að telja það blekkingu, sem raunverulega á sér stað. Og varðandi sólarganginn var lausnin heldur ekki á þann veg. Lausnin þar var að uppgötva hreyfingu jarðarinnar og skilja, að þar eru rök sólargangsins. Og á líkan hátt er um sálfarinnar og annað slíkt. Lausnin þar er þetta, sem þegar hefir verið vikið að. Þátttaka í skynjun annars og annarra er það, sem þar kemur til greina, þó að hinum sambandsháða eða leiðslubundna manni finnist ekki svo. Og hvort eru það þá ekki einungis hugmyndir misskilningsins, sem helzt væru óskiljanlegar? — Eins og öllum ætti að geta verið ljóst, þá er slíkt óskiljanlegt, að líkami, sem yfirgefinn hefði verið af sál sinni eða vitund, haldi áfram starfi sínu eins og ekkert hefði í skorizt. Án sálar eða vitundar ætti líkami manns að sjálfsögðu að vera óstarfhæfur. Og hvað mætti þá ekki einnig segja um það, að sál manns geti nokkru sinni verið fyrir utan líkama sinn? Í rauninni væri það ámóta fráleitt og að tala um fallandi foss án vatns. Og hvað mætti ekki ennfremur mega segja um sumar hugmyndir manna, sem þó um stund voru talin vísindi? Var hún t. d. nokkru sinni öðruvísi en óskiljanleg hugmyndin um ljósvaka eða eter, sem dultrúarmönnum var svo kærkomin, og hefði þurft til þess að geta verið það, sem honum var ætlað að vera, að vera hvort tveggja í senn ,algjörlega þéttur og þó algjörlega mótstöðulaus? Og hver getur sagt annað en að hún sé líka algjörlega óskiljanleg hin fjórða vídd, þetta athvarf dulrænunnar síðan eternum var hrundið, eða þá dulvitundar og draumtáknvísindi sálfræðinganna? Er í þeim fræðum nokkra lausn að finna á ráðgátum tilverunnar?

Árétting

Að sjálfsögðu festist ekkert í minni eða vitund dreymanda án þess, að draumgjafi hans hafi veitt því einhverja eftirtekt, og hljóta því draumar fyrst og fremst að vera undir draumgjöfunum komnir. Hins vegar er mikil ástæða til að ætla, að þeim mun meir og þeim mun betur sem einhver kann að athuga og taka eftir í vöku, að þeim mun meiri möguleikar séu til þess, að merkilegir draumar festist í minni hans og vitund, og er líklegt að slíks hafi eitthvað notið við varðandi draum Helga Pjeturss, sem ég leyfði mér að taka upp hér að framan. Hefði sennilega engan annan dreymt þann draum alveg eins, þótt nákvæmlega hið sama hefði borið fyrir draumgjafa hans. Þó er fleira en þetta, sem hér kemur til greina varðandi skýrleik og gildi drauma, og má þar til nefna stilliáhrif. Njóti einhver trausts annars eða annara varðandi draumspeki eða hugboðsvitneskjur fengnar í svefni, þá verða líkurnar miklu meiri til þess, að slíkar vitneskjur fáist, og hafa mér verið sögð ágæt dæmi um slíkt eins og líka má lesa um t. d. í „Draumum“ Hermanns Jónassonar, (Blesudóttir, Sauðaleit). Er, eins og ég hefi þegar margtekið fram, ekki um að villast, að þegar slíkt á sér stað, hlýtur að verða að njóta að einhverra yfirmannlegra vit- eða vitneskjugjafa, en slíkt er það einmitt, sem hér er verið að reyna að fá menn til að skilja. Það er heimsamband lífsins, sem hér er einkum verið að rökstyðja og sem líka rökstyðst svo greinilega af draumi dr. Helga hér í upphafi bókar. — Eins og ég hef einhvers staðar vikið að, þá er í rauninni því líkast að hinn alkunni draumafraeðingur, S. Freud, hafi ekki séð fram á

aðra undirrót þess, að menn dreymir, en mótvægisþörfina gegn hinni ýmislegu þvingun siðferðislegra hafta, og virðist hann eins hafa litið á sjálfan svefninn, litið á hann fyrst og fremst sem mótvægi hins sama og hann taldi draumana vera. En sé hins vegar gætt að því, að dýr þurfa einnig að sofa, og þó einkum sé gætt að hinu að börn þurfa miklu meiri svefn en fullorðið fólk, þá verður naumast komið hjá þeirri ályktun, að svefninn hljóti að vera eitthvað meira en einungis hvíld frá hinni menningarlegu bælingu.. Þetta, að börn skuli þurfa miklu meiri svefn en fullorðið fólk, skýrist þannig ekki við það að horft sé út frá sjónarmiði S. Freuds, en kemur hins vegar mjög fagurlega heim við skilning Helga Pjeturss í þessu efni. Að í svefni fari fram hleðsla eða magnan frá utanaðkomandi krafti, eins og hér hefur verið haldið fram, kemur alveg sérstaklega vel heim við hina miklu svefnþörf hins örtvaxandi ungbarns.

Góð athugun

Það hefir gengið erfiðlega að fá jafnvel suma unndur Nýals til að gera sér fullkomlega ljóst, að sjálfur hinn sofandi maður sé aldrei aðalgerandi drauma sinna, og er þar ein tálmunin þessi staðhæfing sumra manna, að þeir hafi stundum vitað sig yfirgefa líkama sinn í svefni. En þó að mér komi ekki til hugar, að slíkt eigi sér nokkru sinni stað, þá þótti mér mikilsverð sú athugun Sigurðar F. Ólafssonar, sem nú skal frá sagt:

Sigurður var einhvern tíma svæfður vegna skurðaðgerðar, sem á honum var framkvæmd. Og þegar hann lá

þarna sofandi á skurðarborðinu, þá þóttist hann sjá sjálfan sig liggja þar. Sagðist hann hafa farið að hugsa um það á eftir, hvort hann virkilega hefði þarna farið úr líkama sínum, en það var ekki í samræmi við skilning hans. En þá mundi hann eftir, að jafnframt því að hafa gengið á eftir sjálfum sér, þegar honum var ekið inn í skurðstofuna og séð sig þar liggja á skurðarborðinu, hafði hann eitthvað verið að fást við skurðverkfæri. Varð honum þá ljóst, að það hefði ekki verið skynjun hans sjálfs, sem þarna var um að ræða, heldur læknisins, sem hann hafði þarna fengið svona náíð samband við.

Undirvitundar- eða sambandsskýring

Ýmsir eru þeir, sem telja sig geta vaknað nákvæmlega á þeirri stundu, sem þeir ætla sér, og er þó auðvitað, að í svefni viti þeir ekki, hvað klukkunni líður. Hafa sumir viljað skýra þetta þannig, að í sjálfum manni búi einhver tímamælir, og munu þá flestir líta til þess, sem nefnt hefir verið undirvitund, en finna mun nú þykja að kenna við dul. En gegn þeirri skýringu þykir mér eftirfarandi dæmi mæla.

Maður nokkur setti sér það einhvern tíma um slátt, að vakna ævinlega á ákveðinni stundu hvern morgun, og tókst honum þetta mjög nákvæmlega. En tvisvar var það þó, að þetta brást, og svaf hann þá allmiklu lengur. En þá átti sér stað hið furðulega, að ung stúlka, sem dvaldi þá til heimilis hjá honum og vön var að sofa lengur frameftir á morgnana en hann, vaknaði báða þessa morgna á vöknunartíma hans. Þótti mér þá sýnt,

að stundvísi sofandi manns muni ekki fyrst og fremst eiga sér stað fyrir sjálfstarf hans, heldur hljóti þar samband að koma til greina.

Í hverju skyggni er falin

Svo sem ég hefi áður látið í ljós, þá geri ég fastlega ráð fyrir, að sjón manna sé í öllum grundvallaratriðum eins, og að því komi það naumast til mála, að einn sjái nokkru sinni það, sem öðrum sé með öllu ósýnilegt. Að tala um „röntgenaugu“, eins og sumir gera, tel ég því hreina fjarstæðu, enda hlyti blindni á alla aðra hluti að vera samfara slíkri sjón. Væri t. d. hið gagnsæja andrúmsloft sýnilegt og því ógagnsætt einhverjum augum, þá gætu slík augu ekki séð neitt frá sér. Hið tæra skyggni hlyti slíkum augum að verða sem blindþoka.

En þó að ég fallist þannig ekki á hina algengu skýringu eða skilning varðandi skyggni eða ófreski, þá fer því fjarri að ég neiti því, að slík gáfa sé til. Svo fjarri fer því að ég neiti henni, að ég tel hana öllum mönnum gefna með nokkrum hætti. Eins og allir munu hafa reynt, þá ber jafnan fyrir sofandi mann ýmislegt það, sem ekki á sér stað í umhverfi hans og aðrir honum nærstaddir sjá ekki. Hinn sofandi maður er þannig í rauninni „skygg“, þegar hann dreymir, og vil ég biðja menn að íhuga, hvort þar muni nú ekki vera um að ræða hið sama og hina svokölluðu skyggnihæfileika. A. m. k. er óhætt að segja, að skyggni og draumur hafi verið hið sama í dæmi, sem ég ætla nú að segja frá, og ég mun hafa getið um á öðrum stað:

Þrír menn voru á ferð í bíl í Hvalfirði, og sátu þeir hlið við hlið, en bílstjórinn var einn þessara þriggja. Sér þá sá, er í miðið sat, hest hlaupa á veginum framundan bílnum, og sýndist honum bíllinn draga hann uppi. Þegar bíllinn er nærri því kominn að hestinum, hnippir maðurinn óþyrmilega í bílstjóran og spyr, hvort hann ætli að aka ofan á hestinn. En við þetta hrökk maðurinn upp og skildi þá, að hann hafði aðeins verið að dreyma og alls ekki verið að horfa fram á veginn, því að höfuð hans hafði hvílt niður í bringu.

Þetta dæmi, sem er fjarri því að vera neitt einstakt, þykir mér, eins og ég sagði, gefa góða bendingu um, að þetta, sem ber fyrir hinn skyggna mann sé í rauninni ekki neitt, sem staðsett sé í umhverfi hans og þá auðvitað ekki neitt það, sem hann sér með eigin augum. Eða með öðrum orðum, dæmi þetta bendir til þess, að skyggisýnir séu í rauninni ekki annað en draumsýnir eða draumsæi, sem blandist að meira og minna leyti saman við umhverfi hins skyggna og þær aðstæður, sem fyrir hendi eru hverju sinni. Er ástæða til að ætla, að þessi blöndun svefns og vöku verði með ýmsum hætti og á ýmsu stigi, og má þó sjá, að draumurinn er aðalatriðið í mörgum frásögum skyggna manna. Þannig kemur það fram hjá Kristmanni Guðmundssyni, rithöfund, þar sem hann segir frá bernsku sinni að Þverfelli í Lundarreykjadal, að þegar hann segist hafa átt leiki með huldufólksbörnum þar, en þar kom einkum til greina stúlka á reki við hann, þá virtist honum umhverfið verða öðruvísi en þar er raunverulega. Þetta land þarna á Þverfelli, þar sem hvergi er hrísla, þótti honum þá vera skógivaxið, og ber hér einnig að sama brunn, að amma hans, sem hann segir að líka hafi

verið skyggn, hafi aldrei séð hið sama og hann sá. Og enn bendir það í hina sömu átt, áttina til draumsæis, sem ég heyrði einhvern tíma, þegar fram fór í útvarpi viðtal við Margréti frá Öxnafellu. Þegar hún var spurð að því, hvort ekki bagaði það hana að hafa tapað sjón, þá svaraði hún því til, að hún sæi vel, þegar hún hefði augun aftur. Má segja, að þar þurfi ekki fleiri vitna við varðandi það, að skyggni hennar hafi ekki verið neins konar augnsæi eða sjónarhæfileiki, heldur einungis draumar blandaðir vöku.

En hvort er þá skyggni ekki annað en hugarburður, ef þar er ekki um annað en drauma að ræða? Þeirri spurningu hlýt ég að svara neitandi. Vissulega var það ekki einungis hugarburður hjá Swedenborg, þegar hann staddur í Gautaborg sá eldsvoða, sem þá á stundin in geisaði í Stokkhólmi. Er það dæmi alkunnugt svo sem mörg samskonar dæmi, og verður naumast rengt. Þar var um að ræða raunveruleik, sem Swedenborg gat þó ekki skynjað með eigin augum, þar sem sá raunveruleiki átti sér ekki stað í umhverfi hans. Og hver er sennilegasta skýringin á þessari furðulegu fjarskynjan hans? Sennilegasta skýringin er, að hann hafi þarna séð með augum einhvers annars, einhvers þess, sem hafði brunann fyrir augum, og er þá ástæða til að ætla, að þannig muni einnig vera um allar aðrar furðuskynjanir.

Eins og margir munu nú hafa heyrt talað um, þá hafa vestur í Bandaríkjunum Norður-Ameríku verið gerðar margar og merkilegar athuganir og tilraunir varðandi drauma og sofandi menn og dýr. Hefir íslenzkur náttúrufræðingur skrifað mér þaðan ekki fyrir löngu, að skemmst sé það að segja af niðurstöðum þessara at-

hugana, að þær kollvarpi öllum þeim draumakenningum, sem haldið hafi verið fram til þessa, að einni undanskilinni þó. Og hvaða kenning skyldu menn nú halda, að það muni vera, sem staðist gæti þessar nýju draumaathuganir? Sú kenning er sá skilningur, sem dr. Helgi Pjeturss hélt fram í Nýal sínum varðandi eðli svefnis og drauma, en sem þessir vestrænu athugarar vita að vísu ekkert um. Þetta, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars, kvað samkvæmt frásögn þessa kunningja míns, eitt standast þessar nýju rannsóknir og athuganir, og ætti því að fara að verða óhætt fyrir fræðimenn hér að gefa þeirri kenningu einhvern gaum. Og þegar nú er gætt að því, sem áður var hér vikið að eðli skyggninnar, þá ber þar að hinu sama. Hið líklegasta er, að maður sjái aldrei neitt án þess að eitt-hvað hafi verið séð, og að hesturinn á Hvalfirðinum og huldustúlkan og skógurinn að Þverfelli hafi því verið ekki einungis hugarburður, heldur fjarskynjaður veruleiki. Og þegar það nú loks mun vera viðurkennt svo að enginn mun nú framar voga að mæla þar í móti, að hugsanaflutningur eigi sér stundum stað manna á milli, þá ætti samskynjan eða skynjanaflutningur ekki lengur að koma mönnum fyrir sjónir sem nein furða eða ólíkindi. Samband hlutanna er engu minni tilveruundirstaða en hlutirnir sjálfir, og ætti því lífsamband á milli lífenda að þykja eðlilegt. Svo þýðingarmikið er hið beina samband á milli hlutanna, að án þess gætu sjálfir hlutirnir ekki verið til. Og hvernig hið beina líf- og hugsamband megi eiga sér stað milli hinna lífandi einstaklinga, ætti ekki heldur að þurfa að vera nein spurning hér fremur en aðdráttarsambandið á milli hnattanna eða geislan ljóss frá sólu. Eins og svo greinilega kemur

fram í sumum frásögum varðandi hugsambönd og annað slíkt manna á milli, þá verður það einfaldlega á þann hátt, að ástand eins heila framleiðir sig í öðrum. Má þar benda á góða hliðstæðu slíks, þar sem útvarpið er og fleira þess háttar. Í rauninni er öll geislan falin í þessari viðleitni hvers hlutar að framleiða sitt ástand í öðrum. En þegar komið er á þá leið að skilja þetta samband, sem hér er um að ræða, þá hlýtur það bráðlega fara að liggja í augum uppi, að ekki verður komist hjá því að leita út fyrir jörðina að upptökum sumra þeirra skynjana, sem skyggirnir menn kunna að segja frá og stundum ber fyrir í draumum. Það ætti líka að liggja í augum uppi, að á sama hátt og jörðin er fjarri því að vera sjálfri sér nóg á göngu sinni um geiminn, þannig hljóti einnig líf hennar að þurfa á samböndum að halda við aðrar og öflugri lífstöðvar. Skilningur á eðli skygginnar og öðru slíku getur ekki orðið til fulls án þess að hafa í huga slíkar lífstöðvar.

1967.

Sambandsskyn en ekki sálfarir

Ætla má að hinn mikli máttur yoganna sé fenginn fyrir óvenjulega fullkomið samband við æðri og máttugri verur, og er það samband að sjálfsgöðu háð stilliáhrifum, sem yoginn aflar sér með trausti almennings á sér. Eiga leyndir þær, sem þeir viðhafa, og hinir undarlegu hættir mikinn þátt í að afla þeim þessa trausts. En einnig get ég, eins og ég hefi vikið að annars staðar, búist við því, að þessar þrautir eða æfingar, sem yogarnir leggja á sig, leiði til dýpri og fullkomnari sam-

banda, dýpri og fullkomnari hvíldar og magnanar, og rakst ég nýlega á frásögu, sem mér þykir styðja þessa ætlun. Er frásaga þessi í II. hefti „Morguns“ 1950, fyrstu grein af fjórum, sem Einar Loftsson hefir þýtt, og hann nefnir „Utan líkamans“. Segir þar ekki frá yögum, heldur tveimur hermönnum, sem gengið höfðu langa og erfiða leið, unz á fremstu víglínu var komið, þar sem þeir svo án þess að hvílast né nærast, urðu undir eins að taka að sér varðstöðu. Var staður þessi, þar sem varðstaðan var, hinn óyndislegasti, skotgröf hálf full af for og bleytu og líðan hermannanna því hin versta í alla staði. Liðu nú nokkrar klukkustundir og finnst þá þeim, sem segir frá, einhver einkennileg breyting vera að færast yfir sig. Segist hann hafa þá verið vel vitandi, ef til vill aldrei hugsað skýrar en að þessu sinni, en veit eða þykist vita af því, að hann sé fyrir utan sinn eiginn líkama, sem hann nú horfi á með hálfgerðu kæruleysi. Segist hann þessa stund hafa vitað, að þessum líkama sínum liði frámunalega illa, vitað að hann var kaldur og blautur, en hafi þó ekki fundið til neins slíks. — Nú er þarna í „Morgni“ auðvitað sagt frá þessu til staðfestu á því, að sál manns fari stundum út fyrir líkamann, og kemur mér ekki til hugar, að frásagan sé ekki samkvæm því, sem hermanninum hefir fundizt og hann síðar hefir hugsað sér. En það sem ég ætla, að þarna hafi átt sér stað, er aðeins leiðsla eða sambandsástand, sem þreytan og hin lítt bærilega vanlíðan hafi af sér leitt, og get ég búist við, að vegna þess, að hermaðurinn var á verði og mátti ekki sofna eða gleyma sér, hafi sambandið orðið með þessum hætti, líkara miðilsástandi en venjulegum svefni. Og til þess, að um þetta hafi verið að ræða fremur en nokkuð ann-

að, bendir nú einmitt framkoma hermannsins við féлага sinn. Segir að vísu, að féлага hans hafi um stund þótt hann verða þögull, en brátt hafi hann orðið ræðnari og skemmtilegri en hann átti að sér að vera og að öllu leyti hagað sér eins og engin styrjöld ætti sér stað. Er slíkt í litlu samræmi við, að líkami hermannsins hafi þá verið sálarvana, því að auðvitað hefir það ekki verið annað en hinn sýnilegi líkami hans, sem hinn hermaðurinn hafði af að segja. Hins vegar er þetta í góðu samræmi við, að hermaðurinn hafi þarna verið magnaður venju fremur, og að það hafi í rauninni verið vitund einhvers annars, sem þarna hafi verið að verki. Það sem um hefir verið að ræða, er því auðsæilega svo sem ég sagði, að hinn mjög þreytti hermaður fellur í svefnleiðslu, sem lík er þeirri tegund svefns, sem nefnd er trance eða miðilsástand, og það, sem hermanninum finnst að hafi verið hann sjálfur, var því sambandsvera hans, og er svo ævinlega þegar mann dreymir. Og það er þessi sambandsvera, sem á einhvern hátt skynjar hermanninn og *þá ef til vill í gegnum féлага hans*. En í rauninni er mikil ástæða til að hugsa sér, að þar sem lengra er komið fram og samstillingin á milli einstaklinganna miklu fullkomnari en hér á jörðu, geti verið möguleikar fyrir hvern einn til að sjá og skynja í fjarlægð án þess að í þeirri fjarlægð þurfi á nokkrum sérstökum sýngjafa að halda. En hvað sem því líður, þá hefir þarna og í hverju öðru líku dæmi aðeins verið um sambandsskyn að ræða, því að þetta, að „sál“ manns geti nokkru sinni verið án líkama, er alveg óhugsanlegt út frá því sjónarmiði séð, sem eitt getur leitt til skilnings á hinum ýmsu fyrirbærum lífsins.

1950.

Um gamla athugun

Það var vorið 1909 að ég gerði athugun þá, sem ég hefi nú lengi talið vera einhverja mína merkustu athugun. En athugunin var sú, að eftirskynjanir, sem svo eru kallaðar, eru það í rauninni ekki, heldur rangþýðing á raunverulegum skynjunum. Get ég um þessa athugun í „Samtölum“ mínum og ef til vill víðar, og er hún nánar sagt á þá leið, að fjárjarmur, sem ég þóttist hafa fyrir eyrum eftir að hafa verið við rekstur lambfjár í 12 til 18 klukkustundir, var mér því aðeins fyrir eyrum, að ég heyrði eitthvert raunverulegt hljóð, og varð mér þetta þó ekki ljóst fyrr en ég var kominn heim og háttaður niður í rúm. Tók ég þá eftir því, að þessi jarmur, sem enn var mér fyrir eyrum, var það aðeins, þegar gola þaut í opnum glugga. Hætti jarmurinn alltaf, þegar þytinn lægði, en kom svo aftur, þegar þyturinn óx eða varð vel heyranlegur, og er þetta eitt af því, sem styður það mjög sterklega, að draumur sofandi manns muni aldrei verða án áhrifa að utan. Út frá þessari athugun má í rauninni álykta, að skynjan eigi sér aldrei stað án þess, að eitthvað hafi raunverulega verið skynjað, og er það hið þýðingarmesta undirstöðuatriði, að mönnum auðnist að gera sér þetta ljóst. En til viðbótar því, sem ég hefi sagt frá þessari athugun minni, skal nú geta þess, að maður nokkur, þjóðkunnur, var þá staddur sem gestur heima hjá mér, þegar þetta var, og mætti vel vera, að einhverra óbeinna stilliáhrifa hafi gætt frá honum til þess, að mér skyldi auðnast að gera hana. Var maður þessi Símon Dalaskáld, sem þá var að vísu gamall orðinn og eitthvað sjúkur á sinni svo að hann gat þá lítið eða ekki ort. Man ég, að ég heilsaði honum,

Þegar ég kom heim úr lambarekstrinum, þar sem hann sat á rúmi einu í baðstofunni og var að rýna í eitthvert rit, líklega eftir sjálfan sig. Leit hann þá upp, tók kveðju minni og spurði mig um nafn og aldur. Varpaði hann þá fram vísu alveg viðstöðulaust og sagði á eftir, að slíkt hefði hann þá ekki getað lengi, og kemur mér nú í hug, að hvor um sig hafi þarna orðið öðrum að nokkru liði, ég Símoni til þess að geta ort vísu og leyst sig þannig lítið eitt úr álögum í bili, og hann mér til þess að gera þessa umræddu athugun. Og ef til vill mætti eitthvað rekja hér til sambanda, að um þetta leyti eða litlu síðar mun hafa farið að vakna hjá mér einhver löngun til ritsmíða, því að í hjásetunni þetta sumar bjó ég mér til í klettaskoru nokkra aðstöðu til að skrifa. Hafði ég þar sæti úr steini og borð úr steini, en yfir skoruna var reft með hellublöðum. En sem forboði um það, sem í þessu efni aldrei varð hjá mér nema lítillaga, mætti geta þess, að aldrei mun hafa orðið af, að ég skrifaði þarna neitt, og fór mér þar því líkt og þegar ég í eitthvað annað sinn á þessu sumri settist upp á bæjarburst með einhver ritföng í höndum bíðandi þess að geta farið að yrkja. Mun í bæði þessi skipti hafa strandað á því hjá mér, að ekkert var til að skrifa um eða yrkja, og ber hér enn að hinu sama og þar, sem vikið var að um drauma og eftirskynjanir. Alveg eins og draumar og eftirskynjanir verða skáldverk og aðrar ritsmíðar ekki til án þess, að einhver veruleiki sé á bak við.

Lítill athugun

Svo sem ég get um á öðrum stað, þykir mér það, varðandi skilning á raunveruleik draumanna, að hafa verði ekki þýðingarlítill athugun, þegar mér forðum auðnaðist að gera mér ljóst, að eftirómur fjárjarms, sem ég þóttist heyra eftir að sjálfur fjárjarmurinn gat ekki lengur verið mér heyrnlegur, var þó ekki nein óraunveruleg ímyndun, heldur rangþýðing mín á öðru hljóði. Þetta, að mér skyldi auðnast að gera mér grein fyrir því, eftir að ég var kominn heim frá fjárrekstrinum og háttadur ofan í rúm, að þessi eftirómur var raunverulega goluþytur í opnum glugga, sem kom og hvarf eftir því, hvort golan óx eða dvínaði, hefir síðan verið mér mikil staðfesting þess, að í draumi sé ævinlega um að ræða einhvern veruleika, og gildir það þó ekki sízt um þá drauma, sem í fljótu bragði virðast vera lítið eða ekki annað en upprifjan eigin minninga. — Einhvern tíma fyrir ekki mjög löngu rifjaðist upp fyrir mér önnur athugun, sem ég gerði löngu síðar, og fór ég þá að hugsa um, hvort hún kynni ekki einnig að hafa einhverja þýðingu varðandi hið sama. Voru tildrög þessarar athugunar þau, að ég lá veikur í herbergi með blámáluðum veggpiljum, en hurð og dyrabúnaði gulbrúnum að lit. Blöstu dyrnar við mér, þar sem ég lá, og hafði ég þær löngum fyrir augum. Fór ég þá einhvern tíma að taka eftir því, að er ég hafði um stund horft á hinar brúngulu dyr, en leit svo þar af á blátt þilið, að þar kom þá mynd af dyrunum, ekki brúngul eins og dyrnar raunverulega voru, heldur fagurblárrí miklu en þilið í kring. Reyndist þannig, að við það að þreytast eða mettast af hinum brúngula lit dyranna, hafi sjónskyn mitt orðið

næmara fyrir hinum bláa lit þilsins, og er nú spurningin, hvort þetta, sem er nú víst ekki neitt áður ókunnugt, geti varpað ljósi á eitthvað varðandi drauma.

Fyrri athugunin leiddi í ljós, að eftirskynjan var ekki, eins og margur kynni að ætla, hugarburður einn og óraunveruleiki, og gefur það ástæðu til þeirrar ályktunar, að skynjan eigi sér í rauninni naumast stað án þess að eitthvað hafi verið skynjað. Seinni athugunin leiðir aftur á móti í ljós aukið skynjunar-næmi fyrir gagnstaði þess, sem skynjunin hafði áður mettast af. En eins og golan, sem ég forðum heyrði þjóta í opna glugganum var ekki jarmur kominn úr munnum móðurlausra og þreyttra lamba, heldur einungis goluþytur, þannig er gagnverkan vökulífsins ekki sjálfir draumarnir eða undirrot þeirra, þó að hún geti þar haft sín áhrif, og þá einnig til þess að dylja og villa sýn. Og nú ætla ég í þessu sambandi að víkja að sérstakri tegund drauma eða því, sem ég hefi að vísu aldrei reynt sjálfur en aðeins heyrð talað um. En það er, að langhungrað fólk dreymi jafnan mat eða matarneyzlu, sem menn hafa að sjálf-sögðu litið á sem stuðning við það að sjálfir skapi menn drauma sína. Þykir mér sem slíkt geti verið rangþýðing dreymandans á svefnfróuninni, og er ekki laust við, að ég þykist hér sjá fram á nokkuð, sem sérstaklega megri verða til að vekja og magna þá rangþýðingu. — Það var ekki einungis, að eftirmynd brúngulu dyranna væri blá, þegar ég leit af þeim á ljósblátt þilið á herberginu, heldur sýndist hún mér allmiklu blárri en það raunverulega var. Og hvort er nú ekki hugsanlegt, að sársvangur maður geti í draumi sínum orðið næmari en ella fyrir samböndum eða lífgeislan frá matarneytenda, en í rauninni hygg ég, að sambönd manna í svefni séu

jafnan margþætt, þó að sambandið við einhvern einn draumgjafa sé þar jafnan ríkast. Og svo er nú enn nokkuð, sem ekki er ástæðulaust að láta sér koma í hug í þessu sambandi, þó að vísu komi það ekki við athuguninni, sem hér var til umræðu. En það er, að undir niðri vaki ævinlega sú viðleitni í tilverunni eða alsambandi heimsins, að jafna á milli eða bera uppi hvern þann, sem þjáning og dauði leita á. Verður það að vísu ekki nema þar, sem samstilling er á háu stigi, að slíkt megi takast, svo að fullu gagni verði. En viðleitni til bjargandi sambanda við hvern þann, sem þjáist, þykir mér sem ævinlega hljóti að eiga sér stað, og væri þá ekki úr vegi að hugsa sér einnig, að nefndir draumar sveltenda stöfuðu eitthvað frá þeirri viðleitni.

Eftirtektarvert dæmi

Í bókinni *Svaðilför á Sigurfara*, sem er ferðasaga frá Afríku, segir á einum stað frá því, bls. 71 til 74, hversu töframaður nokkur skynjaði tilkenningu bókarhöfundar, og er frásagan á þessa leið:

„Töframaðurinn benti okkur að setjast á grasmottu, og þegar hann hafði sezt með krosslagða fætur andspænis okkur, hvessti hann á mig sjónirnar og horfði lengi á mig.

„Ég fæ magaverk af þér,“ tók hann til máls, en Saja þýddi orð hans.

Þetta eru óbreytt orð Sajas, og lá við, að ég skellti upp úr, er svo var til orða tekið við mig. En það kom brátt í ljós, að töframaðurinn hafði ekki ætlað að gagnrýna mig á neinn hátt. Hann átti við það, að ég, Don

Osborne, væri með verk í maganum, og honum hafði tekist að líkja svo eftir ástandi mínu, að hann fann til verkjarins eins og hann væri í maga hans sjálfs. Hann var með öðrum orðum ekki að segja mér annað en það, sem ég vissi sjálfur, og þótt ég ætti líf mitt að leysa, get ég ekki gefið skýringu á, hvernig hann vissi þetta. Það var hverju orði sannara, að Don Osborne var með kveisusting, af því að hafa troðið í sig alltof miklu af jarðhnetum á leiðinni til Diembokos, og síðan hafði hristingurinn í vörubifreiðinni þaðan fullkomnað melt-ingartruflunina. En ég hafði borið harm minn í hljóði, enginn hafði fengið um það að vita, að mér væri illt í maganum.“

Á eftir þessu segir svo þarna frá því, hversu töframaðurinn læknaði magaveiki bókarhöfundar, hversu hann einnig sagði unnustu hans frá því, sem þau þá ekki vissu, að hún gengi með barn, og svo að lokum, hversu töframaðurinn spáði því, sem svo rættist bókstaflega.

En hvað er nú það, sem hér er um að ræða?

Mér sýnist það liggja mjög ljóst og einfaldlega fyrir. Þetta, sem hér er um að ræða, er greinilega staðfesting þess, að skynjan eins geti, þegar sérstaklega stendur á, einnig verið skynjan annars manns eða annarra. Það sem hér er um að ræða, er með öðrum orðum greinilegt dæmi um þetta, sem dr. Helgi Pjeturss taldi vera undirrót drauma, skynjanasamband sofandans við einhvern vakanda, og gefur því þessi frásaga mjög sterka ástæðu til þess, að menn gefi gaum þeirri kenningu hans. Og eins og spásæi töframansins sannar, þá hefir þarna ekki einungis verið um að ræða samskynjan milli þeirra, sem viðstaddir voru, heldur einnig við ein-

hverja betur vitandi, því að án þess gat spásæi hans ekki átt sér stað. Það er, eins og ég oft hefi tekið fram, aðeins um tvær leiðir að ræða til þess að öðlast vitneskjur. Önnur er sú að afla sér þeirra sjálfur af eigin rammleik, en hin er sú að þiggja þær af öðrum. En það hefir töframaðurinn hlotið að gera, þegar hann sagði það fyrir, sem átti eftir að gerast. Um það varð hann meira að segja að njóta að einhvers eða einhverra, sem voru meir en mannlega vitandi. Og hvert ætti nú slíkra að leita? Frá raunfræðilegu sjónarmiði getur þar ekki verið nema um eitt að ræða. Eigi það sér stað, sem þarna var eitt dæmið um, að vitneskja geti fengist um eitthvað, sem enginn af íbúum jarðarinnar getur hafa aflað sér sjálfur af eigin rammleik, þá getur ekki verið nema um það eitt að ræða, að vitneskjan hafi fengist fyrir samband við lengra kominn íbúa annars hnattar. Í rauninni er þetta alveg eins sjálfsagt og að rekja upptök brims og bylja til þeirrar orku, sem hingað geislar frá sólinni, og er ástæða til að minnast þess, að einu sinni var mönnum þetta ekki ljóst um upptök veðurmagnanna. Og nú kemur mér í hug nokkuð það, sem ástæða er til að vekja athygli á einmitt nú. Þetta, að töframaðurinn skyldi fá vitneskju um hið byrjandi fóstur, bendir til þess, að hvar sem slík byrjun á sér stað, sé kviknaður neisti ódauðlegrar sálar. Þar sem hinir tilvonandi foreldrar vissu ekki um þetta, þá gat vitneskjan um það ekki borist töframanninum frá þeim, heldur hlaut hún að vera komin honum þaðan, sem sjálft lífið stafar. Vitneskjan um þetta nývaknaða einstaklingslíf hlaut þarna að vera komin þaðan, sem það þá hafði verið skráð þannig, að það þrátt fyrir allt aldrei framar gæti máðst eða út þurrkast. *Gangleri 1958.*

Svefn og dauði

Oft er það ekki, en þó ber það við, að í dagblöðum birtist eitthvað, sem ekki er rétt að kalla dægurefni eingöngu. Þannig las ég í *Tímanum* 19. okt. 1961 grein þýdda úr dönsku blaði, og var verið að halda því þar fram, að sjálfur muni dauðinn ekki vera kvalafullur. Voru merkir læknar bornir fyrir þessu eins og líka menn, sem komist höfðu mjög nærri því að deyja. Var niðurstaðan helzt sú, að sjálfur komi dauðinn eins og svefn eða hvíld ofurþreyttum manni, og var slíkt í góðu samræmi við það, sem ég á öðrum stöðum hefi séð haft eftir deyjandi mönnum. „Nú fer ég að sofa,“ voru síðustu orð Byrons, og í sorgarleik sínum Manfred, lætur hann þetta vera síðustu orð Manfreds: „Það er þá ei svo erfið þraut að deyja.“ Minnisstætt er mér þetta líka úr svari, sem ég hefi séð haft eftir raunverulega deyjandi manni: „Mér líður ekki illa, en ég á bara svo erfitt með að halda mér lifandi,“ og var það býsna líkt því, að syfjaður maður eða sofnandi segðist eiga erfitt með að halda sér vakandi.

En hvers vegna væri það þá, að dauðinn kæmi manni svona líkt og svefn?

Einfaldlega hlýtur það í rauninni að vera af sams konar ástæðu, að menn gamlast og að þá dregur til dauða og svo hitt, að þá syfjar og þeir hljóta að sofna. Ástæðan er þreyta, sem vonandi kemur þó ekki einstaklingnum án nokkurs ávinnings. Það er vonandi, að með vöku sinni og lífi bæti hver nokkru við sögu sína, nokkru þroskaefni og reynslu ásamt öðrum starfsarði. En því, sem ávinnst, verður hins vegar ævinlega að vaxandi byrði, meðan því fylgir ekki tilsvarendi líf eða

magnan. Og slík magnan veitist einstaklingnum ekki án þess, að hjá honum hafi átt sér stað slík eftirgjöf eða öldulægð lífs og vitundarstarfs, sem svefninn er eða dauðinn. Magnan getur að vísu átt sér stað vegna fylgis eða trausts annara og það án þess að um eftirgjöf hafi verið að ræða af hálfu þess, sem magnast. En slík magnan varir naumast nema á meðan hið magnandi fylgi var til staðar. Til þesss raunverulega að eignast hina byggjandi lífmagnan, verður einstaklingurinn að gefa eftir á þann hátt, sem verður, þegar sofnað er. Svefninn er öldulægð, sem safnar einstaklingnum þrótt í nýtt ris. En í stað þess að vera slíkt aðeins til hálfis og sennilega þó ekki nærri það, er dauðinn öldulægð alla leið að grunni. Í dauðanum gefur einstaklingurinn eftir til fulls og léttir þá einnig til fulls af sér allri sinni æviþreytu. Úr dauðanum rís einstaklingurinn aftur til nýrrar æsku, og þó ekki einungis það. Ef vel var stefnt í frumlífi, byggist einstaklingurinn þá upp, ekki einungis samkvæmt sínum ættararfi eins og hann gerði á sínum uppvaxtarárum, heldur einnig samkvæmt sínum æviarði, sinni áunnu reynslu og þroska. Og er það nú ekki einmitt tilfinning deyjandans fyrir þessari endurmögnun og endurrísi framlífsins, sem lætur honum finnast aðkoma dauðans vera svona líka aðkomu hins magnandi svefns? Var það ekki einmitt þessi endurmögnun, sem Byron fann nálgast, þegar hann að síðustu sagðist nú fara að sofa, þó að sú mögnun hafi að vísu verið miklu algjörari og meir endurbyggjandi en nokkur svefnmögnun getur orðið.

Flug

Nú er ég léttur, nú flýg ég, nú sé ég mig fyrir neðan mig, nú dansar einn guðanna í gegnum mig.

Nietzsche.

Mér kemur í hug, að orðið skáldflug sé komið af því, hve ástand hins fleyga skálds er líkt ástandi þess, sem í svefni þykist fljúga eða svífa. Er líka hvort tveggja ástandið tilkomið fyrir magnan og kemur fram í öryggiskennnd og tilfinningu um að njóta sín. Þegar skáldi tekst upp, þykir því sem fjötrar hafi raknað eða örðugleikar hafi verið yfirstignir. Aðdragandinn var oft baráttu, jafnvel um líf eða dauða, eða fálmi í þoku. En skáldflugið er að sjá fram úr þokunni og hafa örðugleikana að baki eða fyrir neðan sig, en við blasir útsýni til óendanlegra möguleika og fagnaðar. Kemur þetta fram í sumum tónverkum, og má skynja það þar þó að um enga tónfræðilega þekkingu sé að ræða þess, sem á heyrir. Og allt í einu kemur mér nú í hug kvæði Kristjáns Jónssonar, „Tárið“. Þar segir einmitt svo ljóst og látlaust frá stundarsigri hins hrygga manns yfir sorginni. Og þegar hann segist trúa, þá er þar um að ræða öryggiskennnd hins fleyga skálds. Og hversu hið raunverulega flug er undir óttaleysinu komið, sýnir það vel, sem mér hefir verið sagt, að hægt sé með háværðu öskri eða gargi að hræða svo líttfleyga álfarunga, að þeir missi flugið og falli til jarðar. Er það líka samkvæmt því, sem mér hefir reynst í draumi, því að einhvern tíma, þegar ég þóttist svífa, en varð hræddur, missti ég getuna til að svífa lengra, og er í þessu nokkur sönnun fyrir raunveruleik slíkra drauma. Og margir

munu kannast við söguna af Pétri postula, þegar hann vildi að hætti meistara síns „ganga“ á vatninu. Jesús var þarna stórlega magnaður af því, sem á undan var farið, metun þúsunda og þeirri trú og aðdáun fólksins, sem af því leiddi. Hann er vegna mögnunar sinnar svo öruggur og hiklaus, að hann sigrar aðdráttarmagn jarðarinnar. En Pétur hræðist, þegar á skal herða, og missir getuna.

Ég minntist á kvæðið, Tárið, eftir Kristján Jónsson, og kynni einhver að spyrja, hvernig slíkt megi verða fyrirfari hins skáldlega flugs að tárast. En það hygg ég að sé falið í því, að gráturinn sé, eins og svefninn, einhvers konar eftirgjöf, sem geri hinum skapandi krafti auðveldara um að ná tökum og koma sér við til hjálpar og magnanar. Og ef til vill er það eitthvað úr þeirri átt, þegar kennimenn gerðu sér upp bænarklökkva, og er engum dugandi manni láandi, þó að honum geðjist ekki að slíkri ergi, og er þó meir vert um það, að hafa hér við vit og skilning en hneykslun og háð.

Sýn til annara jarða

Ef ekki hagaði svo til, að æ skiptir um frá nótt til dags og frá degi til nætur, þá væri meir en hugsanlegt, að menn hefðu aldrei gert sér ljósa tilveru annara himinhnatta en sólar og tungls. Eða með öðrum orðum, nyti ekki næturinnar að, lægi ekki annað beinna við en að stjörnur hefðu ævinlega orðið mönnum hulinn heimur og mætti jafnvel telja vafasamt, að þær hefðu þá

nokkru sinni verið upgötvaðar. En þó að sýn sú, sem nóttin veitir mönnum til stjarnanna, hafi þegar orðið þeim meiri þekkingarundirstaða en allt annað, þá er þar þó ekki um hinn eina útsýnismöguleika til þeirra að ræða, og varð mér hugsað til þess, er ég nú á stundinni sá því haldið fram í nýlega útgefinni fræðibók, að ólíklegt sé, að menn geti nokkru sinni rannsakað reiki-stjörnur annara sólna. En hver skyldi sá möguleiki vera, sem einnig gæti gefið mönnum aðstöðu til að kynnst þeim?

Á tilsvarendi hátt við það, sem umskipti dags og nætur eru, eiga sér æ stað hjá lifendum jarðarinnar önnur og háttbundin umskipti. Lifendur hennar, og þó einkum hinir mannlegu, gera ýmist að vaka eða sofa, og má segja, að fyrir hverjum sé þannig um tvær veraldir að ræða, veröld vöku og veröld drauma. Nú hefir það að vísu ekki verið vitað til þessa, hvað veröld draumanna er, og hefir því mönnum þar alla tíð farið líkt og þeim fór lengstum varðandi náttheim stjarnanna. — Langsamlega miklu meiri hluta af ævi mannkynsins gerðu menn sér engar eða þá einungis rangar hugmyndir um það, hvað stjörnurnar eru, en settu þó ýmislegt í samband við þær, sem þeir einnig hafa sett í samband við drauma sína. Stjörnuspádóma og draumaspádóma hafa menn lengi stundað. Út úr hvoru tveggja, draumum sínum og hinni breytilegu afstöðu reikistjarnanna, reyndu menn að lesa ýms tákni og fyrirboða, og skal því alls ekki haldið fram, að spádómar þannig fengnir hafi ævinlega reynst eintóm markleysa. En hvað sem því líður, þá var þar þó ekki um að ræða þekkingu eða skilning á því, hvað stjörnurnar eru né heldur draumarnir. Skilningur á stjörnunum var það hins

vegar að gera sér ljóst, að þær eru sólir og jarðir, og þó einkum sólir ásamt jörðum, sem ekki verða séðar jafnvel í hinum beztu sjónaukum. En í hverju skyldi þá skilningur á eðli drauma vera falinn og raunveruleg þekking? Hann er öllu fremur falinn í því að vita, að draumar eru ævinlega að einhverju leyti útsýn til einmitt þessara stjarna, sem á engan hátt verða séðar í skuggsjá næturinnar. Það sem fyrir mann ber í svefni, en oftast er þó ógreinilegt líkt og sýn til stjarna gegnum ský, er eitt og annað úr vökulífi þeirra, sem þessar jarðstjörnur byggja. Og auðnist mönnum það einhvern tíma að gera sér þetta ljóst og að færa sér í nyt þá fjarsjá sem draumar þeirra eru, eða geta verið, auðnist þeim að fullkomna draumsambönd sín á tilsvarendi hátt við það, sem sjón þeirra til sólstjarnanna hefir verið fullkomnuð, þá mun sú skoðun af engum verða talin „smáborgaraleg“, að lífið sé það, sem allt stefnir að og allur hinn mikli stjörnuheimur hlýtur að miðast við. Þegar séð verður út fyrir þann tiltölulega þrönga hring, sem stjarnfræði nútímans takmarkast við, mun ekki síður þykja ástæða til að undrast mikilleik lífsins en mikilleik heimsins, og verður þó þá mikilleiki hins síðarnefnda miklum mun betur ljós en hann nú er orðinn. Það sem þá mun blasa við, er óendanleiki hvors tveggja.

31. jan. 1967.

Kraftur frá stjörnunum

Vér þurfum að átta oss betur á því, að undirstöðulögmál heimssmiðarinnar er flutningur á orku, og að lífið sjálft er þar engin undantekning.

Helgi Pjeturss.

I.

Í rauninni er ekki hægt að ræða um kraft án þess að rætt sé um kraft frá stjörnunum. Á stjörnunum og í sambandi við stjörnurnar er allt, sem tilveran hefur að geyma. Allt, sem maður skynjar og verður var við, tilheyrir stjörnunum og er tilorðið fyrir sambönd á milli stjarnanna. Og það er ekki einungis, að allt sem gerist á yfirborði jarðarinnar, stormar, straumar og annað slíkt, sé sambandsfyrirbæri tilorðið fyrir kraftflutning frá sól, heldur er einnig svo um sjálfa jörðina og þá einnig sólina og aðrar stjörnur. Án þess alsambands, sem aðdráttarkrafturinn er og hreyfing stjarnanna á brautum sínum er bundin við, hefðu stjörnurnar ekki getað orðið til, og er gott að hafa þetta í huga, þegar rætt er um eðli lífsins og hafning þess á hverjum stað. Það sem þá ber að hafa í huga, er að lífið er ekki undanskilið þessu allsherjar lögmáli sambandanna eða kraftflutninganna á milli stjarnanna. — Það mun nú að vísu vera játað, að án kraftflutninga frá sól til jarðar hefði hér aldrei komið fram líf. En þar sem sá kraftur er auðsæilega ekki líf eða lifandi, verður óhjákvæmilegt að leita enn annara sambanda. Eða hvernig hefði það getað orðið án tilkomu lifandi magns, að steinarnir eða þetta, sem jörðin var í árdaga, skyldi hefjast til þess, sem maðurinn nú er og aðrar myndir lífsins?

II.

Sé borið saman við það, sem vitað var í heimsfræði og öðru slíku fyrir svo sem hálfu árþúsundi, þá verður ekki annað sagt en að mikið hafi áunnist í þekkingar-átt. Þannig vita menn nú það, sem þá var ekki vitað, að jörðin, sem þeir byggja, er ein meðal stjarnanna, og að stjörnurnar hins vegar eru jarðir og sólar svo margar, að engri tölu verður þar við komið. Um lífið á jörðinni vita menn einnig mjög mikið fram yfir það, sem vitað var áður. Þannig vita menn nú, að það hefir hér þróast fram frá lítilli byrjun, og um starfsemi þess í hverjum einum vita þeir einnig margt. Menn vita nú t. d. það, að hver maður er samsettur af mjög mörgum örsmáum einstaklingum, og varðandi byggingu þessara litlu einstaklinga, frumanna, hafa þeir einnig athugað margt. En þó að menn viti nú þetta og ótalmargt fleira, þá vil ég þó nefna eitt, sem þeir hafa til þessa ekki vitað, og má það þó furðulegt heita. Menn vita það ekki enn, hvers vegna þeir þurfa að sofa, og þó vita þeir, að sú þörf er jafnvel enn þá brýnni en það að nærast. Menn vita það með öðrum orðum, að sé einhverjum algjörlega varnað svefns, þá dregur það hann fyrr til dauða en vöntun matar og drykkjar. En hvers vegna það er, vita þeir ekki, eins og ég sagði, og er ég þá kominn að því, sem við Nýalssinnar teljum okkur vita framyfir aðra. Við segjum, að svefninn sé nauðsynlegur af því, að með honum veitist lifendunum kraftur, sem stafi hvorki frá sól né jörð, heldur miklu lengra að. Kenning Nýals er sú, að þetta sem veitist með svefninum og ekki verður lifað án, sé kraftur, sem stafi æ frá lífheimum annara stjarna og segja megí því, að sé lífið sjálft. — Menn vita það nú þegar,

að með mat og drykk veitist þeim það, sem fer til að byggja líkami þeirra og að þaðan er sá kraftur kominn, sem losnar úr læðingi eða brennur við súrefnistöku öndunarinnar. Menn vita það nú þegar, að það er kraftur frá sól, sem brennur í öllu lífsstarfi þeirra. En hér er það fyrst vitað, að með svefninum veitist aftur á móti þetta, sem stillir þann bruna í það ákveðna form, sem lífstreymi hvers einstaklings er. Og hér er það nú einnig, að sjá má fram á það, sem ekki hefir verið séð fram á áður, hvernig hin líflausu efni jarðarinnar gátu hafist þannig, að loftið, vatnið og grjótið urðu að mönnum. En hvað skyldi svo endurgjaldið vera, sem jörðin greiðir þangað, sem lífið kom henni og er alltaf að koma? Endurgjald jarðarinnar til hinna öflugri lífstöðva stjarnanna eru einstaklingar þeir, sem á jörðinni lifa eða hafa lifað, og er sjálfum einstaklingnum það fyrir beztu, að sú endurgreiðsla verði með sem mestum vöxtum. Leið einstaklinganna héðan liggur til annara stjarna, og ætti það að liggja ljóst fyrir, þegar heimsamband lífsins hefir verið fundið.

III.

„Tvískipt er líf vort, svefn á sína heima —
veruleiks geigvæns veldi geisimikið.
Lífsandi bærisk léttum svefns í draumi . . .
Þeir skilja vora veru í tvennt, þeir verða
vor önnur helft og ævistunda vorra.“

Þannig segir í upphafi kvæðis eftir Byron, sem Steingrímur Thorsteinson hefir þýtt á íslenzku, og er þar vikið að því, að draumar séu veruleiki, og að á tilsvarendi hátt við það, sem verður við umskipti dags og

nætur séu umskiptin frá svefni til vöku og frá vöku til svefns. Á tilsvarendi hátt við það, að nóttin opnar manni sýn til fjarlæggra stjarna um leið og hún byrgir að mestu hið nálæga umhverfi hans, opnar svefninn sýn til annarlegra veralda, sem koma fyrir sjónir á sama hátt og raunveruleiki vökunnar. Og hvort skyldi nú ekki vera þar svo sem virðist? Skyldu þær veraldir ekki vera raunveruleiki líkt og stjörnurnar eru veruleiki engu síður en jörðin?

Eins og kunnugt er, þá hafa komið fram margs konar kenningar um eðli drauma, og munu þær flestar eða allar hafa farið í þá átt að neita raunveruleik þeirra. Hinn ríkjandi skilningur hefir verið á þann veg, að þeir væru einungis vitundarfóstur hins sofandi manns, og var nú reyndar skilningur manna á stjörnunum lengi vel nokkuð hliðstæður því. Eins og að var vikið, vissu menn það ekki miklu meiri hluta af ævi mannkynsins, að stjörnurnar eru sams konar veruleiki og jörðin, en settu hins vegar í samband við þær sumt það, sem þeir einnig settu í samband við draumana og setja jafnvel enn. Stjörnuspádóma og draumaspádóma hafa menn lengi stundað, og ætti nú öllum að geta verið það ljóst, að þar er ekki um að ræða þekkingu á því eða skilning, hvað stjörnurnar raunverulega eru né heldur draumarnir. En þótt naumast verði sagt með sanni, að menn hafi enn öðlast þann skilning á draumum sínum, sem sambærilegur væri við skilning þeirra á raunveruleik stjarnanna, þá er þar nú aðeins að rofa til. Menn eru nú þar jafnvel farnir eitthvað að nálgast þann skilning, að hugsanaflutningur eða fjarhrif kunni stundum að eiga nokkurn þátt í draumum, og er þar þá óneitanlega nokkuð farið að nálgast raunveruleikann. En það,

sem hinn nýalski skilningur byggist á, er að sjá fram á þetta til fulls. Þar hefir það loksins ljóst orðið fyrir það að hafa gert sér betur grein fyrir því en áður hafði verið gert, hvernig draumar eru, að í þeim gefur sýnir til lífheima fjarlæggra stjarna. Út frá sannvísindalegri athugunum á draumum en áður höfðu verið gerðar varð heimsamband lífsins uppgötvað, og liggur þá næst fyrir að fá menn til að þiggja þá uppgötvun. Það sem fyrir liggur, er að fullkomna sjón manna til lífheima stjarnanna á tilsvarendi hátt við það, sem sjón þeirra hefir þegar fullkomnast til stjarnanna sjálfra, en með fullkomnun þeirrar sjónar og skilnings mundi lærast æ betur að færa sér í nyt kraftinn frá stjörnunum, þennan kraft, sem að lífinu stendur hér og öll heill er svo mjög komin undir.

Skrifað í dagbók

— að kvöldi 24. janúar 1973

Í kvöld bar þjóðháttufræðingurinn, Árni Björnsson, þau tilmæli fram í útvarpi, að ef einhverjir hlustendur kynnu að vita um spár eða fyrirboðanir þeirra náttúruhamfara, sem í Vestmannaeyjum hófust aðfaranótt dagsins í gær, þá létu þeir þess getið. En um morguninn þennan sama dag, þ.e. 24. janúar barst mér bréf dagsett 20. sama mánaðar, og segir bréfritarinn þar á þessa leið:

Rétt eftir áramótin kom ég sem oftast inn í Radíóbúðina við Klapparstíg. Kaupmaðurinn þar, Halldór

Laxdal, er ævifélagi í félagi Nýalssinna og mun hafa orðið það fyrir tilstilli Halldórs Halldórssonar, arkitekts. Bauð hann mér sæti í kompu bak við búðina og ræddi þar við mig um stund. Fyrir nokkrum dögum leit ég svo þarna inn aftur, og bauð Halldór mér þá enn inn á þennan sama stað og sagðist vilja segja mér nokkuð. Og það sem hann sagði mér var á þá leið, að rétt eftir að ég hafði farið út frá honum í hið fyrra sinn fyrir um það bil hálfum mánuði, hefði komið þangað inn til hans lækni nokkur, sem er kunnur spíritisti. En þegar lækniurinn kom þangað, sem ég hafði verið þá fyrir lítilli stundu, hefði hann farið að hafa orð á því, að þar væri kraftur og hann ekki lítill. Fer hann því næst að tala um, að hann sjái dr. Helga Pjeturss og annan mann til, sem samkvæmt lýsingu virtist vera Halldór Halldórsson, arkitekt. Og þar sem helzt virtist nú svo, að Helgi Pjeturss væri þarna að nokkru kominn í stað læknisins, fór Halldór að spyrja hann ýmissa spurninga, og sleppi ég því sem bréfitariinn sagði mér um það að undanskildu einu. En það var, að dr. Helgi talaði þarna um náttúruhamfarir, sem í vændum væru, þótt ekki kæmi skýrt fram, hvar eða hvenær þær mundu eiga sér stað.

Eins og ég sagði þá var bréf þetta, sem mér barst þann 24. jan., dagsett þann 20. sama mánaðar, og verður því ekki hægt að segja, að bréfitariinn hafi sagt mér frá þessu vegna þess, að náttúruhamfarirnar væru þá komnar fram. Er dagsetning bréfsins mér því fullgild sönnun þess, að þarna hafi verið um fyrirboðun að ræða, og er pósthimpillinn á umslagi bréfsins, sem sýnir 22.1., þar aukin trygging. En hér er nú um fleira að ræða, sem ekki er síður eftirtektarvert en fyrirboðun

náttúruhamfaranna. Eins og þeim mun vera kunnugt, sem lesið hafa rit dr. Helga Pjeturss, þá var það önnur meginniðurstaða hans varðandi eðli drauma og miðils-sambanda, að þeir sem dreymandinn eða miðillinn umgangast hverju sinni, ráði mestu um það, hvernig og við hverja samböndin verða. Stilliáhrif kallaði dr. Helgi þetta, og er það mjög greinilegt, hversu þau áhrif hafa komið þarna fram. Bréfrítarinn, sem auk þess að vera miðill er mikill unnandi Nýals, hefir þarna verið stillir auk hins viðstadda kaupmanns, og varð sambandið því við Helga Pjeturss og einnig við hinn látna arkitekt, og hafa þeir þó að líkindum ekki verið læknum neitt hugstæðir.

Það má segja, að varðandi stjarnæðlisfræði sé öldin í sumum greinum orðin allt önnur en var fyrir 30 til 40 árum, þegar sólhverfi voru talin algjör fágæti eða jafnvel einstæði. Það að reikistjörnur gætu orðið til eða fylgihnettir sólna, var þá talið nálega óhugsanlegt í stað þess, að nú þykir slíkt sjálfsagt. Nú er svo litið á, að sólir án reikistjarna munu vera fágæti, enda er nú með æ vaxandi hikleysi aftur farið að tala um óhugsanleik annars en þess, að víðar muni vera til lifendur en á þessari jörð. Nú er svo komið, að ekki þykir lengur fjarstæða að tala um hugsanleg samskipti við íbúa annarra hnatta, og er mönnum nú jafnvel farið að koma í hug, að kraftur lífs og hugsunar muni þar fremur geta komið til greina en nokkuð annað.

Og nú ætla ég hér að síðustu að víkja að nokkru, sem fram kom í sjónvarpinu síðast á kvöldi þessa sama dags og mér barst hið umrædda bréf. En það var samkunda og samtal nokkurra Nóbelsverðlaunahafa, og var það þó einungis niðurlag þess, sem ég sá og heyrði. Var

niðurlag það á þá leið, að tveir þessara vitringa héldu fram sínu sjónarmiðinu hvor. Var sjónarmið annars á þá leið, að stjarnedlisfræðin væri hin framtíðarvænlegasta vísindagrein, en hinn hélt því fram, að mestu skipti að öðlast sem mesta þekkingu og skilning á sjálfum sér. En hvers vegna sáu þeir ekki fram á það, þessir vitru menn, sem fyrir löngu hefir verið séð fram á hér á landi, að þarna er ekki um andstæðar vísindagreinar að ræða, heldur þvert á móti. Hin íslenska stjarnulíf-fræði, sem vísindamenn virðast nú loks vera að nálgast, byggist einmitt á aukinni þekkingu og skilningi varðandi sjálfan mann, en skilningi, sem ekki hefði getað komið fram öðru vísi en í ljósi stjarnfræðilegrar þekkingar og skilnings. Það, sem þar er um að ræða, er að hvor þessara vísindagreina, stjarnedlisfræðin og sjálfsþekkingin, skýrist og eflist í ljósi hvor frá annarri.

Eftirmáli

Svefn og draumar heitir bók, sem út kom á vegum hins íslenska Þjóðvinafélags fyrir rúmlega hálfri öld, og var höfundur hennar dr. Björg Þorláksdóttir. Var í bók þessari sagt frá ýmsum kenningum og niðurstöðum útlendra fræði- og vísindamanna um eðli drauma, og læt ég að þessu sinni allt það liggja á milli hluta. En því er ég þó að minnst hér á þessa bók, að heiti þessa litla kvers, sem hér kemur, er í rauninni alveg hið sama. Þó er sá munur, að hér nefni ég draumana á undan svefninum, og geri ég það til aðgreiningar bókana, en að nokkru leyti einnig vegna þess, að skilningurinn

á eðli svefnisins byggist hér aðallega á skilningi á eðli draumanna. Þetta, að draumar verði til aðallega fyrir samband við draumgjafa, leiðir af sér þann skilning á svefninum, að hann sé sambands- og mögnunarástand, og er það í góðu samræmi við það, sem með honum veitist.

Svo sem stöku manni mun vera kunnugt, þá hefi ég um nokkuð langt skeið verið að reyna að vekja athygli manna á kenningum dr. Helga Pjeturss um lífsambandið á milli stjarnanna, og hefir sú viðleitni mín ekki sízt verið falin í að ræða um drauma. Hefi ég skrifað um þetta efni ýmsar greinar, og er eitthvað af þeim prentað í *Tunglsgeislum* mínum, bók, sem út kom 1952, en 12 árum áður kom einnig út eftir mig *Samtöl um íslenska heimspeki*. Þetta, sem hér birtist nú á einum stað, er svo nokkur hluti þess, sem ég síðan hefi um þetta efni skrifað og rætt. Læt ég þar þessar greinar mínar halda sér að mestu eins og ég samdi þær í fyrstu, en úr sumum þeirra tek ég þó aðeins brot eða slitur til þess að komast hjá miklum endurtekningum, sem fram hljóta jafnan að koma, þegar oft og án verulegs árangurs er lengi leitast við að skýra hið sama. Er upphafskafli bókarinnar, sem ég nefni sama nafni og bókina, erindi, sem ég flutti í útvarp einhvern tíma fyrir löngu, en þar má heita, að flestra atriða þessa nýja skilnings sé að einhverju getið. Ætlast ég svo til, að það sem þar á eftir kemur, megi verða til nokkurs stuðnings því, sem þar var haldið fram. Er þar um að ræða ýms dæmi, sem styðja og í rauninni alveg sanna sambandseðli svefnisins og draumanna. Má segja, að í sumum dæmunum blasi þetta við ljóst og ómótmælanlega, en í öðrum komi það fram óbeinlínis, og er þá hið

mikilvægasta til þess að rata þar, að hafa gert sér ljóst eðli rangþýðinganna. Eru vissulega til margar frásögur af draumum þannig, að þeir sýna lítt eða ekki undirrót sína. Þannig virðast sumir draumar vera naumast annað en upprifjan manns eigin minninga úr vöku, þótt ljóst mætti reyndar vera, að upprifjun slík geti í rauninni ekki átt sér stað án einhvers áhrifavalds eða vaka stafandi frá samvandsveru og þá ef til vill í og með áhrifum frá umhverfinu skynjuðu gegnum svefninn. Er ljóst dæmi um þetta draumur, sem sagt er frá í bókinni *Merkir draumar*, sem út kom hér fyrir 23 árum í þýðingu eftir Svein Víking. En dæmið er á þá leið, að kona nokkur þóttist í svefninum fara úr líkama sínum og koma inn í dagstofu sína. Þóttist hún þar hafa þá séð þar allt eins og það átti að sér að vera, nema eitt. Veggfóðrið mundi hún að var þarna með öðrum hætti en raunverulega var í dagstofunni, og þótti henni og þeim, sem drauminn skráir, hafa verið mjög undarlegt og tor-skilið. En frá því sjónarmiði, sem hér er staðið á, er það hins vegar síður en svo að vera undarlegt og óskiljanlegt. Þetta varðandi veggfóðrið hefir þarna verið hið eina, sem konan mundi úr draumi sínum. Hitt hefir einungis verið upprifjan eigin minninga hennar um dagstofu sína og sennilega hefir mest stafað af því, að hjá draumgjafa hennar hefir staðið eitthvað líkt á og hjá henni. Hann eða hún hefir komið inn í dagstofu sína og þá væntanlega ekki séð þar neitt öðruvísi en þar átti að vera. En af einhverjum ástæðum hefir þó myndin af veggfóðrinu loðað í minni hinnar sofandi konu og gert draumleysi hennar svona eftirtektarvert og skrítið.

Að lokum ætla ég að víkja lítið eitt að því, sem mér þykir hafa verið ótrúlegast af öllu, sem ég hefi reynt

um dagana. En það er, hve nálega allir mennta- og lærdómsmenn þjóðarinnar hafa gætt þess vel og dyggilega að ganga algjörlega þegjandi fram hjá þessum kenningum, sem ég enn hefi nú reynt að vekja athygli á og boða. Það er engu líkara en að allir, sem hlotið hafa einhvern stimpil fínna menntunar, hafi verið hræddir við að koma þar nærri, og má vera, að slíkt sé þó ekki alveg óafsakanlegt. Það má að sjálfsögðu skilja, að þeir, sem telja sig hafa einhverju að tapa, fari gætilega, þegar eitthvað nýtt og stórt hefir verið borið fram, og vissulega er bezt að láta ásakanir jafnan liggja í láginni sem mest. En hafi menn af þessum og öðrum ástæðum verið þarna hikandi eða hræddir, þá hefir aldrei átt sér stað meiri misskilningur. Þar sem hinar nýölsku kenningar eru, er sízt ástæða til að hræðast. Hvergi er það fremur en í þeim kenningum, að boðuð sé góðvild og mildi, hvergi fremur en þar leitað ljóss og fegurðar. Og þetta, sem þar er verið að halda fram, er, eins og ég hefi hér verið að reyna að sýna fram á, heldur ekki neitt óraunverulegt né hæpið. Það sem þar er verið að bera fram, er ekki annað en mjög eðlilegt framhald þess, sem á þessari jörð hefir bezt verið hugsað og vitað í heimsfræði og líffræði. Uppgötvun draumsambandsins er þarna að vísu höfuðundirstaða. En einnig hún eða skilningurinn á heimssambandi lífsins þurfti á hinni áður byggðu heimsfræði að halda. Til þess að kenning Nýals gæti komið fram, varð Koperníkus að hafa áttað sig á hinu rétta varðandi sólhverfi þetta, Brúnó á mikilleik heimsins, Newton á kraftsamböndum stjarnanna og Lamarck á því, hversu þróun líftegundanna hefir orðið af sögu þeirra. Enn mætti hér minnst á hina mjög merkilegu uppgötvun

þess, að jurtir og dýr skuli vera samsett af enn öðrum einstaklingum, frumum. Og hvað mætti hér þá ekki segja einnig um það, sem bezt og merkilegast hefir komið fram í trúarbrögðum? Einnig þar er um mjög margt að ræða, sem gerir hvort tveggja að vera til stuðnings og hljóta stuðning af hinni nýölsku kenningu. Og nú vil ég biðja þá, sem lesa þetta og annað í þessari litlu bók, að prófa raunveruleik þess, sem þar hefir verið haldið fram. Gætið að draumskynjunum ykkar. Gætið að því, hvort ekki var eitthvað með óvanalegum hætti, þegar ykkur dreymdi heimili ykkar eða annað, sem ykkur fannst eða þið hélduð ykkur þekkja. Og enn vil ég biðja ykkur að gæta að, hvort það hefir ekki áhrif á draumlíf ykkar, hverja þið umgengust áður en þið fóruð að sofa. — Mikið atriði er það hér, að hafa gert sér það ljóst, að vitund hvers er byggð upp af minningum hans. Saga eða minningar eru, eins og ég vík hér að annars staðar, uppistaða í byggingu lífs og vitundar, og er ekki sízt mikilsvært að gera sér þetta ljóst varðandi tengsl vitunda vakandi manns og sofandi. Hjá vakandi manni má segja, að atburðirnir leiki beint á strengi vitundar hans eða minninga, en hjá sofandi manni verður þetta með öðrum hætti. Vitundarstrengir sofandi manns taka einungis undir með vitundarstrengjum draumgjafa síns. Sofandi maður skynjar ekki atburði, heldur aðeins atburðaskynjanir annars og annara, og má af þessu skilja, hve erfitt geti verið að greina þarna á milli á réttan hátt. Og svo að ég víki hér enn að einni athugun, sem ég hef stundum vakið máls á, þá má það heita nokkur sönnun fyrir raunveruleik draumskynjananna, að stundum á það sér stað, að menn muni ekki fyrir víst, hvort þá dreymi eitthvað eða það átti sér stað í vöku. Um

það, sem aðeins hefði verið hugsað, mundi slíkt naumast eiga sér stað. Slíku blanda menn, held ég, ekki saman við það, sem raunverulega hefir gerzt.

*Í ágúst 1975,
Þorsteinn Jónsson.*

Fyrirsagnir

Bls.

Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má (þýðing)	5
Draumar og svefn	7
Hvað dreymdi þig í nótt?	20
Er mark að draumum?	22
Samdreymi tveggja	25
Endurtekning drauma	28
Mótunarvald minninganna	30
Ótvíræð dæmi	33
Þrír draumar	36
Koffortslykillinn	39
Ekki „yfirskilvitlegt“	42
Hið skiljanlega og hið óskiljanlega	44
Árétting	47
Góð athugun	48
Undirvitundar- eða sambandsskýring	49
Í hverju skyggni er falin	50
Sambandsskyn en ekki sálfarir	54
Um gamla athugun	57
Lítil athugun	59
Eftirtektarvert dæmi	61
Svefn og dauði	64
Flug	66
Sýn til annarra jarða	67
Kraftur frá stjörnunum	70
Skrifað í dagbók — að kvöldi 24. janúar 1973 ...	74
Eftirmáli	77